Hagtíðindi
Statistical Series

Heilbrigðis- félags- og dómsmál
Health, social affairs, justice

2004:2 • 11. október 2004

# Konur og karlar 2004

*Women and men in Iceland 2004*

*Samantekt*

Hagstofa Íslands hefur tvívegis gefið út smáritið *Konur og karlar*, árin 1994 og 1997. Í þeim voru töflur og skýringarmyndir settar fram til að varpa ljósi á líf og stöðu kvenna og karla í íslensku samfélagi. Í þessu hefti Hagtíðinda *Konur og karlar 2004* eru nú birtar sambærilegar upplýsingar og áður auk þess sem nýjum upplýsingum er bætt við og helstu niðurstöður settar fram í texta. Efnið skiptist í kaflana, mannfjöldi, lífsvenjur og heilsa, menntun, atvinna, laun og tekjur, og áhrifastöður. Efnið er að miklu leyti unnið úr gögnum Hagstofunnar, en einnig fengið frá öðrum aðilum og er þá getið um heimild.

Aldursskipting þjóðarinnar og fjölskylduaðstæður hafa breyst á undanförnum áratugum. Fæðingartíðni hefur lækkað og meðalævilengd kvenna og karla lengst. Meðalaldur brúðhjóna hefur hækkað og einnig meðalaldur mæðra við barnsburð. Meirihluti einstæðra foreldra eru konur, og tilheyrir tíunda hver kona 18 ára og eldri þeim hópi en 1% karla á sama aldri.

Mataræði, hreyfing, reykingar og áfengisneysla eru mismunandi eftir kyni. Hlutur kvenna og karla yfir kjörþyngd fer ört vaxandi, sýnu meira meðal karla. Fimmtungur kvenna og fjórðungur karla reykir daglega. Mun fleiri konur en karlar eru öryrkjar eða 8% kvenna samanborið við 5% karla á aldrinum 16–66 ára.

Langflest 3–5 ára börn sækja leikskóla. Skólasókn kvenna er meiri en karla í nær öllum árgöngum 16–29 ára og eru konur 63% nemenda og brautskráðra á háskólastigi. Námsval er enn nokkuð kynbundið.  Fimmtungur kvenna og karla á aldrinum 25–64 ára er með háskólamenntun.

Árið 2003 var atvinnuþátttaka kvenna 78% og karla 86%. Hlutfall kvenna í fullu starfi fer stöðugt vaxandi. Atvinnuleysi er nú heldur meira meðal karla en kvenna en því var öfugt farið á tíunda áratugnum. Sé litið til atvinnugreina og starfsstétta er vinnumarkaðurinn enn kynskiptur.

Atvinnutekjur kvenna eru um 62% af atvinnutekjum karla. Konur á almennum vinnumarkaði eru með um 75% af launum karla og 77% af meðaltímakaupi karla. Þá eru konur í BSRB með 87% af taxtalaunum karla en 71% af heildarlaunum. Í BHM eru konur með um 90% af launum karla. Konur eru fjölmennari en karlar meðal bótaþega í öllum helstu bótaflokkum.

Konur eru í minnihluta í áhrifastöðum næstum hvert sem litið er. Þær eru tæpur þriðjungur þingmanna og sveitarstjórnarmanna, fjórðungur ráðherra og tæplega fimmtungur framkvæmdastjóra sveitarfélaga. Þá eru konur 29% þeirra sem sitja í opinberum nefndum og ráðum ríkisins og um fimmtungur forstöðumanna ríkisstofnana. Konur koma lítt við sögu við stjórnun samtaka atvinnulífsins og helstu fyrirtækja á markaði, og stjórnir launþegasamtaka endurspegla almennt ekki þá kynjaskiptingu sem er meðal félagsmanna.

Hagstofa Íslands

## Mannfjöldi

Í kaflanum um mannfjölda er m.a. gerð grein fyrir þróun mannfjöldans, lífslíkum, frjósemi, stofnun og sliti hjónabanda og sambúða, kjarnafjölskyldum, fæðingarorlofi, fóstureyðingum og ófrjósemisaðgerðum.

### Þróun mannfjöldans

*Fjórföldun mannfjöldans*

Þróun mannfjöldans ræðst af samspili fæðingar- og dánartíðni og fjölda aðfluttra og brottfluttra á hverjum tíma. Hér á landi fjórfaldaðist mannfjöldinn frá upphafi til loka síðustu aldar og fór úr 78 þúsundum í tæp 283 þúsund. Skipti þar langmestu fjöldi fæddra umfram dána en algengara hefur verið að fleiri flytji frá landinu en til þess. Árið 2003 bjuggu hér á landi rúm 290 þúsund manns, 145.169 konur og 145.401 karl.

*Konur heldur færri en karlar*

Undanfarna áratugi hafa konur hér á landi að jafnaði verið heldur færri en karlar. Árið 2003 voru 998 konur fyrir hverja 1000 karla. Karlar hafa vinninginn í næsta öllum aldurshópum upp að 60 ára aldri en þá taka konur við og eru fjölmennari í öllum aldurshópum þar fyrir ofan.

**Tafla 1. Mannfjöldi 1901–2030**
*Table 1. Population 1901–2030*

| Fjöldi í þús. *In thous.* | Alls *Total* | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur á hverja 1.000 karla *Women per 1,000 men* |
|---|---|---|---|---|
| 1901 | 78 | 41 | 38 | 1.088 |
| 1920 | 95 | 49 | 46 | 1.051 |
| 1940 | 121 | 61 | 60 | 1.014 |
| 1960 | 176 | 87 | 89 | 981 |
| 1980 | 229 | 114 | 116 | 984 |
| 1990 | 256 | 127 | 128 | 993 |
| 2000 | 283 | 141 | 142 | 998 |
| 2003 | 291 | 145 | 145 | 998 |
| 2030 framreikn. *proj.* | 342 | 172 | 170 | 1.007 |

**Skýringar** *Notes*: 1901–60 manntöl; 1980, 1990, 2000 þjóðskrá 1.12; 2003 31.12.; 2030 framr. 1. jan. *1901–60 censuses; 1980, 1990, 2000 Nat. Regist. 1.12.; 2003 31. Dec.; 2030 proj. 1 January.*

**Tafla 2. Lifandi fæddir og dánir 1901–2003**
*Table 2. Live births and deaths 1901–2003*

| | Lifandi fæddir *Live births* | | Dánir *Deaths* | | Fæddir umfram dána *Natural increase* | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Stúlkur *Girls* | Drengir *Boys* | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| 1901 | 1.056 | 1.123 | 541 | 614 | 515 | 509 |
| 1920 | 1.251 | 1.376 | 682 | 678 | 569 | 698 |
| 1940 | 1.242 | 1.238 | 592 | 608 | 650 | 630 |
| 1960 | 2.369 | 2.547 | 582 | 585 | 1.787 | 1.962 |
| 1980 | 2.209 | 2.319 | 663 | 875 | 1.546 | 1.444 |
| 1990 | 2.328 | 2.440 | 794 | 910 | 1.534 | 1.530 |
| 2000 | 2.123 | 2.192 | 918 | 910 | 1.205 | 1.282 |
| 2003 | 2.041 | 2.101 | 925 | 901 | 1.116 | 1.200 |

**Tafla 3. Búferlaflutningar milli landa 1961–2003**
*Table 3. External migration 1961–2003*

| | Aðfluttir umfram brottflutta *Net immigration* | | Aðfluttir *Immigration* | | Brottfluttir *Emigration* | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| 1961 | -321 | -272 | 379 | 278 | 700 | 550 |
| 1980 | -284 | -256 | 963 | 833 | 1.247 | 1.089 |
| 1990 | -275 | -406 | 1.673 | 1.493 | 1.948 | 1.899 |
| 2000 | 877 | 837 | 2.615 | 2.588 | 1.738 | 1.751 |
| 2003 | -71 | -62 | 1.868 | 1.836 | 1.939 | 1.898 |

Almennt fæðast fleiri drengir en stúlkur ár hvert og algengara er að árlega deyi fleiri karlar en konur. Árið 2003 fæddust 2.041 stúlka og 2.101 drengur en fjöldi látinna var 925 konur og 901 karl. Fæddir umfram dána voru því 1.116 konur og 1.200 karlar sem nam nánast þeim fjölda sem þjóðinni fjölgaði frá árinu 2002, þar sem mismunur á fjölda aðfluttra og brottfluttra árið 2003 var óvenjulítill eða 71 kona og 62 karlar. Tafla 3 sýnir að þau ár sem eru tilgreind eru konur nær undantekningarlaust fjölmennari en karlar, bæði í hópi aðfluttra og brottfluttra, þó munurinn sé oft ekki mikill.

Aldursskipting mannfjöldans ræður miklu um þarfir þjóðfélagsins varðandi umönnun barna og aldraðra, menntun, vinnuafl og heilbrigðisþjónustu. Aldur og fjölskylduaðstæður geta haft mismunandi áhrif á líf kvenna og karla.

*Hlutur þeirra yngri minnkar og aldraðra eykst*

Aldursskipting mannfjöldans hefur breyst síðustu áratugina. Hlutur ungs fólks af mannfjöldanum hefur minnkað á sama tíma og hlutur aldraðra hefur aukist og útlit er fyrir frekari þróun í sömu átt. Í dag eru 29% kvenna og 30% karla undir tvítugu en verða samkvæmt framreikningi mannfjöldans um fjórðungur árið 2030. Búist er við að hlutur kvenna 65 ára og eldri hækki úr 13% í 20% og karla úr 11% í 18% á sama tíma (tafla 4).

**Tafla 4. Hlutfallsleg skipting mannfjöldans eftir aldri 1930, 1960, 2003 og 2030**
*Table 4. Population by age 1930, 1960, 2003 and 2030. Percent distribution*

| Hlutfallstölur, % | Konur *Women* | | | Karlar *Men* | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Percentage* | 0–19 | 20–64 | 65– | 0–19 | 20–64 | 65– |
| 1930 | 40 | 51 | 9 | 43 | 50 | 6 |
| 1960 | 42 | 48 | 9 | 44 | 49 | 7 |
| 2003 | 29 | 58 | 13 | 30 | 59 | 11 |
| 2030 framreikn. *proj.* | 25 | 55 | 20 | 26 | 56 | 18 |

*Konur lifa lengur en bilið milli kynja minnkar*

Konur lifa lengur en karlar en bilið milli kynja í meðalævilengd hefur farið minnkandi á undanförnum árum og er nú minna hér á landi en í flestum öðrum löndum. Tímabilið 2001–2003 voru lífslíkur stúlkna við fæðingu 82,5 ár og drengja 78,7 ár.

**Mynd 1. Lífslíkur við fæðingu 1921–2003**
*Figure 1. Average expected lifetime at birth 1921–2003*




*Minnkandi frjósemi*

Frjósemi minnkaði verulega frá því sem hún var um 1960 (rúmlega fjögur börn á ævi hverrar konu) og framundir miðjan níunda áratuginn þegar hún náði lágmarki (tæplega tvö börn á ævi hverrar konu). Hún jókst síðan aftur en hefur verið um eða yfir tvö börn á ævi hverrar konu um skeið. Árið 2003 var þetta hlutfall hér 2,0 og óvíða hærra í Evrópu. Á hinum Norðurlöndunum var sambærilegt hlutfall árið 2002 1,7–1,8 nema í Færeyjum og á Grænlandi þar sem það var 2,5.

**Mynd 2. Lifandi fædd börn á ævi hverrar konu 1961–2003**
*Figure 2. Total fertility rate 1961–2003*




*Hækkandi meðalaldur frumbyrja*

Fæðingartíðnin hefur lækkað í öllum aldurshópum kvenna á barnsburðaraldri en hlutfallslega mest hjá þeim yngstu og elstu. Hefur meðalaldur mæðra hækkað úr 27,2 árum tímabilið 1961–65 í 29,3 ár árið 2003 og mæðra sem fæða sitt fyrsta barn úr 21,7 í 26,0 ár árið 2003. Tíðasti aldur frumbyrja árið 2003 var 24 ár en hafði verið 18 ár tímabilið 1961–65.

**Mynd 3. Lifandi fæddir eftir meðalaldri móður 1961–2000**
*Table 3. Live births by mean age of mother 1961–2000*



**Tafla 5. Lifandi fæddir eftir aldri móður 1961–2003**
*Table 5. Live births by age of mother 1961–2003*

| Aldur *Age* | Öll börn *Total births* Meðal *Mean* | Mið *Median* | Tíðasti *Modal* | Frumburðir *First births* Meðal *Mean* | Mið *Median* | Tíðasti *Modal* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1961–1965 | 27,2 | 26,2 | 20 | 21,7 | 20,6 | 18 |
| 1971–1975 | 25,7 | 24,7 | 23 | 21,6 | 20,8 | 20 |
| 1981–1985 | 26,5 | 25,9 | 23 | 22,6 | 22,0 | 21 |
| 1991–1995 | 28,5 | 28,3 | 27 | 24,7 | 24,1 | 23 |
| 1996–2000 | 28,8 | 28,6 | 28 | 25,1 | 24,6 | 23 |
| 2003 | 29,3 | 29,1 | 28 | 26,0 | 25,5 | 24 |

## Fjölskyldur

*Stofnun sambúðar algengari en hjónavígslur*

Á seinnihluta síðustu aldar fækkaði hjónavígslum hlutfallslega á meðan stofnun óvígðrar sambúðar varð æ algengari. Hjónavígslur á 1.000 íbúa fóru niður í 4,7 1991–95 en hefur síðan farið aðeins hækkandi aftur. Árið 2003 voru framkvæmdar 1.473 hjónavígslur eða 5,1 á 1.000 íbúa. Sama ár var fjöldi skráðra sambúða sem stofnað var til 1.718 eða 5,9 á 1.000 íbúa.

Karlar eru jafnan eldri en konur við giftingu og stofnun sambúðar. Meðalaldur brúðhjóna hefur farið hækkandi, einkum á síðustu tuttugu árum. Meðalaldur brúðar sem var að gifta sig í fyrsta sinn hækkaði úr 24,2 árum 1981–85 í 30,8 ár árið 2003 og brúðguma úr 26,3 í 33,0 ár á sama tíma. Árið 2003 var meðalaldur karla við stofnun sambúðar 29,6 ár og kvenna 27,4 ár.

**Mynd 4. Meðalaldur við fyrstu hjónavígslu 1961–2000**
*Figure 4. Average age at first marriage 1961–2000*



**Tafla 6. Hjónavígslur og meðalaldur brúðhjóna 1961–2003**
*Table 6. Marriages and mean age of spouses 1961–2003*

| Árleg meðaltöl *Annual mean* | Hjónavígslur *Marriages* | | Meðalaldur brúðhjóna *Mean age of spouses* | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | Alls *Total* | | Áður ógiftar/ókvæntir *Previously single* | |
| | Alls *Total* | á 1.000 íbúa *per1,000 pop.* | Brúðir *Brides* | Brúðgumar *Bridegrooms* | Brúðir *Brides* | Brúðgumar *Bridegrooms* |
| 1961–65 | 1.458 | 7,9 | 24,4 | 27,4 | 23,5 | 26,2 |
| 1966–70 | 1.650 | 8,2 | 23,9 | 26,2 | 22,9 | 25,0 |
| 1971–75 | 1.730 | 8,2 | 24,3 | 26,3 | 22,9 | 24,8 |
| 1976–80 | 1.511 | 6,7 | 24,6 | 26,9 | 23,0 | 25,2 |
| 1981–85 | 1.344 | 5,7 | 25,9 | 28,1 | 24,2 | 26,3 |
| 1986–90 | 1.203 | 4,8 | 27,8 | 30,2 | 26,0 | 28,0 |
| 1991–95 | 1.249 | 4,7 | 29,9 | 32,4 | 27,9 | 30,1 |
| 1996–00 | 1.539 | 5,6 | 32,1 | 34,8 | 30,0 | 32,2 |
| 2003 [1] | 1.473 | 5,1 | 32,9 | 35,6 | 30,8 | 33,0 |

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*

**Tafla 7. Stofnun sambúðar og meðalaldur aðila 2001–2003**
*Table 7. Foundation of consensual unions and mean age of partners 2001–2003*

| | Sambúðir *Consensual unions* | | Meðalaldur aðila *Mean age of partners* | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | Alls *Total* | | Áður ógiftar/ókvæntir *Previously single* | |
| | Alls *Total* | á 1.000 íbúa *per 1,000 pop.* | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| 2001 | 1.746 | 6,0 | 27,2 | 29,7 | 25,8 | 28,1 |
| 2002 | 1.970 | 6,9 | 27,4 | 29,8 | 26,0 | 28,2 |
| 2003 | 1.718 | 6,0 | 27,4 | 29,6 | 26,1 | 27,9 |

**Mynd 5. Hjónavígslur og lögskilnaðir á hverja 1.000 íbúa 1920–2003**
*Figure 5. Marriages and divorces per 1,000 population 1920–2003*



*Sambúðarslit tíðari en lögskilnaðir*

Árin 1961–65 var tíðni lögskilnaða 0,9 á 1.000 íbúa en var komin í 1,9 1981–85 og hélst hlutfallið svipað til aldamóta. Árið 2003 var fjöldi lögskilnaða 531 sem svarar til 1,8 af 1.000 íbúum. Árið 2003 var 764 skráðum sambúðum slitið þar sem hvorki var um lát maka né hjónavígslu að ræða en það svarar til 2,6 af 1.000 íbúum.

*Sameiginleg forsjá barna við skilnað færist í vöxt*

Móðir fór með forsjá um níu af hverjum tíu barna við lögskilnað árin 1981–1990 en faðir með forsjá eins af tíu. Eftir að sameiginleg forsjá var heimiluð árið 1992 hefur mynstrið breyst smám saman og er sameiginleg forsjá nú valin í æ ríkara mæli. Árið 2003 fengu meirihluti barna sameiginlega forsjá foreldra við lögskilnað, eða 363 börn (61%), 215 fengu forsjá móður (36%) og 15 forsjá föður (3%). Sameiginleg forsjá er hlutfallslega algengari við sambúðarslit en lögskilnað. Árið 2003 var hún valin fyrir nær þrjú af hverjum fjórum börnum við sambúðarslit en alls voru börnin 680.

**Tafla 8. Lögskilnaðir og forsjá barna úr hjónabandi 1981–2003**
*Table 8. Divorces and dependent children by marriage, by place of custody 1981–2003*

| | Lögskilnaðir *Divorces* | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi *Number* | Á 1.000 íbúa *Per 1,000 population* | Börn alls *Children total* | Móðir fær forsjá *Custody of mother* | Faðir fær forsjá *Custody of father* | Sameigin-leg forsjá *Common custody* | Aðrir fá forsjá *Custody of others* |
| Árl. meðaltal *Annual means* | | | | | | | |
| 1981–85 | 471 | 1,9 | 497 | 444 | 51 | • | 2 |
| 1986–90 | 487 | 2,0 | 553 | 492 | 61 | • | 0 |
| 1991–95 [1] | 515 | 2,0 | 561 | 442 | 38 | 79 | 2 |
| 1996–00 | 509 | 1,9 | 562 | 319 | 20 | 224 | 0 |
| 2003 [2] | 531 | 1,8 | 593 | 215 | 15 | 363 | – |

[1] Sameiginleg forsjá er vantalin vegna ófullnægjandi flokkunar á forsjá barna. *Figures on common custody are too low due to incomplete reporting.*
[2] Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*

*Kjarnafjölskyldur*

Árið 2003 voru 72.184 kjarnafjölskyldur hér á landi. Einn þriðjungur þeirra var hjónabönd með börn og annar þriðjungur hjónabönd án barna. Þá voru 12% kjarnafjölskyldna óvígð sambúð með börn og 4% óvígð sambúð án barna. Hlutur einstæðra foreldra með börn var 16%, 15% fjölskyldna voru mæður með börn (11.006) en feður með börn voru 1% (895). Tölurnar sýna jafnframt að 10% kvenna 18 ára og eldri voru í hópi einstæðra foreldra með börn en sambærilegt hlutfall karla var 1%. Rúmlega þrjú af hverjum fjórum börnum undir 18 ára bjuggu hjá tveimur fullorðnum eða 78%.

**Mynd 6. Kjarnafjölskyldur 2003**
*Figure 6. Nuclear families 2003*




**Tafla 9. Kjarnafjölskyldur 2003**
*Table 9. Nuclear families 2003*

| | Fjöldi *Number* | % |
|---|---:|---:|
| **Kjarnafjölskyldur** ***Nuclear families, total*** | **72.184** | **100** |
| Hjónaband án barna *Married couple without children* | 24.676 | 34 |
| Hjónaband með börnum *Married couple with children* | 23.735 | 33 |
| Óvígð sambúð án barna *Consensual union without children* | 3.153 | 4 |
| Óvígð sambúð með börnum *Consensual union with children* | 8.719 | 12 |
| Faðir með börn *Father with children* | 895 | 1 |
| Móðir með börn *Mother with children* | 11.006 | 15 |
| | | |
| **Konur 18 ára og eldri** ***Women 18 years and over*** | **106.799** | **100** |
| Með maka *With spouse only* | 27.830 | 26 |
| Með maka og börnum *With spouse and children* | 32.467 | 31 |
| Með börnum *Single with children* | 11.009 | 10 |
| Einhleypar *Single without children* | 35.493 | 33 |
| **Karlar 18 ára og eldri** ***Men 18 years and over*** | **105.229** | **100** |
| Með maka *With spouse only* | 27.825 | 26 |
| Með maka og börnum *With spouse and children* | 32.446 | 31 |
| Með börnum *Single with children* | 895 | 1 |
| Einhleypir *Single without children* | 44.059 | 42 |
| **Börn 0–17 ára** ***Children, 0–17 years*** | **78.542** | **100** |
| Hjá tveimur fullorðnum *Children living with two adults* | 60.561 | 78 |
| Hjá einum fullorðnum *Children living with one adult* | 17.981 | 22 |

**Skýringar** *Notes:* Til kjarnafjölskyldu teljast öll hjón og sambúðarfólk og börn þeirra 17 ára og yngri og einhleypir karlar og konur, sem búa með börnum 17 ára og yngri svo og þau börn. Börn 18 ára og eldri, sem búa með foreldrum sínum, teljast ekki til kjarnafjölskyldu og sama gildir um einhleypa, sem búa með börnum sínum 18 ára og eldri. *A nuclear family refers to couples (married and in consensual union) and their children under 18 years, and single men and women living with their children under 18 years. Persons 18 years and over who live with their parents are not included in nuclear families and the same applies to single parents with children 18 years and over.*

*Lífshlaup kvenna og karla er mismunandi eftir aldri*

Fram hefur komið að konur eru yngri en karlar þegar stofnað er til sambúðar eða hjónabands og meðalævi þeirra er lengri en karla. Þessi kynjamunur endurspeglast í tölum um konur og karla eftir hjúskaparstöðu og aldri. Er munurinn mestur hjá þeim yngstu og elstu. Hærra hlutfall ungra kvenna en karla á sama aldri eru giftar eða í sambúð. Það sama á við um fólk 35-44 ára. Eftir 65 ára aldur er þessu öfugt farið því þá er mun hærra hlutfall karla en kvenna enn í hjónabandi eða í sambúð eða 68% karla á móti 45% kvenna. Hins vegar eru 38% kvenna á þessum aldri, ekkjur samanborið við 13% karla sem eru ekklar. Það er því algengara hlutskipti kvenna en karla að vera einar í heimili á efri árum.

**Mynd 7. Konur eftir aldri og hjúskaparstöðu 2002**
*Figure 7. Women by age and marital status 2002*




**Mynd 8. Karlar eftir aldri og hjúskaparstöðu 2002**
*Figure 8. Men by age and marital status 2002*




*Vaxandi fjöldi karla tekur fæðingarorlof*

Ný tilhögun greiðslna í fæðingarorlofi tók gildi 1. janúar 2001. Í megindráttum felst hún í því að móðir og faðir á hvort um sig rétt á greiðslum í fæðingarorlofi í þrjá mánuði auk þess sem þau geta síðan skipt með sér öðrum þremur mánuðum. Það kemur ekki á óvart að það eru fleiri konur en karlar sem fá greiðslur í

fæðingarorlofi en áhugavert er að sjá hve margir feður nýta sér þennan rétt líka. Hefur þeim fjölgað jafnt og þétt þessi þrjú ár sem lögin hafa verið í gildi. Tölurnar í töflu 10 sýna alla þá sem fengu greiðslur viðkomandi ár en ekki bara þá sem hófu töku orlofs viðkomandi ár. Þannig getur sami aðili komið við sögu t.d. bæði árin 2002 og 2003 ef orlofið hefur náð yfir áramót eða verið skipt.

**Tafla 10. Viðtakendur greiðslna vegna fæðingarorlofs 2001–2003**
*Table 10. Recipients of payments in relation to maternity/paternity leave 2001–2003*

| | Foreldrar á vinnumarkaði[1] *Parents in labour market[1]* | | Foreldrar utan vinnumarkaðar[2] *Parents outside labour market[2]* | |
|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| 2001 | 3.223 | 2.524 | 850 | 224 |
| 2002 | 5.056 | 3.513 | 1.205 | 304 |
| 2003 | 5.149 | 4.431 | 1.189 | 293 |

[1] Foreldrar sem fá orlofsgreiðslur á árinu. *Parents who receive maternity/paternity payments in the year.*
[2] Námsmenn eða einstaklingar í minna en 25% starfi (miðað við fullt ársverk) sem fá styrk á árinu. *Students or persons having less than a quarter of a full-time-equivalent employment who receive grants in the year.*

**Heimild** Source**:** Tryggingastofnun ríkisins. *State Social Security Institute.*

## Ófrjósemisaðgerðir og fóstureyðingar

*Ófrjósemisaðgerðum karla fer ört fjölgandi*

Hér á landi eru ófrjósemisaðgerðir heimilaðar að ósk viðkomandi sé hann/hún orðinn 25 ára og engar læknisfræðilegar ástæður mæli gegn aðgerð. Aðrar reglur gilda um slíkar aðgerðir hjá fólki undir 25 ára. Lengst af voru það aðallega konur sem gengust undir ófrjósemisaðgerð og voru gerðar yfir 500 aðgerðir árlega hjá konum samanborið við um þrjátíu að meðaltali hjá körlum árin 1981–1990. Það var ekki fyrr en líða tók á áratuginn 1991–2000 að karlar fóru í vaxandi mæli í slíkar aðgerðir og um leið fækkaði aðgerðum kvenna. Árið 2003 var fjöldi ófrjósemisaðgerða alls 6 á 1.000 konur 25–54 ára og 4,3 á 1.000 karla á sama aldri. Árin 1981–1985 voru sambærileg hlutföll 13,6 hjá konum og 0,7 hjá körlum.

**Tafla 11. Ófrjósemisaðgerðir 1981–2003**
*Table 11. Sterilizations 1981–2003*

| Árlegt meðaltal | Fjöldi *Number* | | | Fjöldi alls á 1.000 25–54 ára *Total no. per 1,000 25–54 years* | |
|---|---|---|---|---|---|
| *Annual mean* | Konur *Women* | Karlar *Men* | Alls *Total* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| 1981–1985 | 577 | 29 | 606 | 13,6 | 0,7 |
| 1986–1990 | 553 | 31 | 583 | 11,7 | 0,6 |
| 1991–1995 | 567 | 59 | 626 | 10,8 | 1,1 |
| 1996–2000 [1] | 579 | 171 | 750 | 10,0 | 3,0 |
| 2001 [1] | 406 | 252 | 658 | 6,7 | 4,2 |
| 2002 [1] | 365 | 298 | 663 | 6,0 | 5,0 |
| 2003 [1] | 358 | 261 | 619 | 6,0 | 4,3 |

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary.*

**Heimild** *Source:* Landlæknisembættið. *Directorate of Health.*

**Mynd 9. Ófrjósemisaðgerðir 1981–2003**
*Figure 9. Sterilizations 1981–2003*




**Skýring** *Note*: 1998–2003 bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*

**Heimild** *Source:* Landlæknisembættið. *Directorate of Health.*

*Nálægt 1.000 fóstureyðingar á ári*

Núgildandi lög um fóstureyðingar eru frá árinu 1975. Algengt er að skoða þróun fjölda fóstureyðinga ýmist miðað við fjölda kvenna á barnsburðaraldri eða fjölda lifandi fæddra ár hvert. Með hliðsjón af þessu hvoru tveggja hélst fjöldi fóstureyðinga nokkuð stöðugur áratuginn 1981–1990 en fór síðan vaxandi eftir það. Fóstureyðingar voru flestar árið 2000 eða 987 en heldur færri árið 2002 eða 926.

**Mynd 10. Framkvæmdar fóstureyðingar 1961–2002**
*Figure 10. Induced abortions 1961–2002*




**Skýring** *Note*: Ný löggjöf 1975. *New legislation 1975.*

**Heimild** *Source:* Landlæknisembættið. *Directorate of Health.*

**Tafla 12. Framkvæmdar fóstureyðingar 1961–2002**
*Table 12. Induced abortions 1961–2002*

| | | Af 1.000 *Per 1,000* | |
|---|---|---|---|
| | Árlegur fjöldi *Annual average* | konum 15–44 ára *women 15–44 years* | lifandi fæddum *live births* |
| 1961–1965 | 77 | 2 | 16 |
| 1966–1970 | 87 | 2 | 20 |
| 1971–1975 | 203 | 5 | 46 |
| 1976–1980 | 472 | 10 | 110 |
| 1981–1985 | 670 | 13 | 160 |
| 1986–1990 | 687 | 12 | 157 |
| 1991–1995 | 762 | 13 | 169 |
| 1996–2000 | 922 | 15 | 219 |
| 2001[1] | 984 | 16 | 241 |
| 2002[1] | 926 | 15 | 229 |

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary.*

**Heimild** *Source:* Landlæknisembættið. *Directorate of Health.*

## Lífsvenjur og heilsa

Í kaflanum er greint frá niðurstöðum rannsókna um mataræði, hreyfingu og þyngd fólks, reykingar og áfengisneyslu. Ennfremur er fjallað um nýgengi helstu krabbameina, sjúkrahúslegur, örorkuþega, dánartíðni og dánarorsakir.

### Lífsvenjur

*Neysluvenjur kynja mismunandi*

Mataræði kvenna og karla er nokkuð mismunandi samanber niðurstöður Landskannana Manneldisráðs Íslands á mataræði árin 1990 og 2002. Er athyglisvert að sjá þær miklu breytingar sem orðið hafa hjá báðum kynjum á ekki lengri tíma. Neysla grænmetis, ávaxta og kjöts hefur aukist en neysla fisks minnkað. Þá hefur stórlega dregið úr neyslu nýmjólkur en neysla léttmjólkur og undanrennu aukist. Konur borða sem fyrr áberandi meira en karlar af grænmeti og ávöxtum en karlar borða meira en konur af kjöti og fiski. Hins vegar neyta kynin svipaðs magns af léttmjólk og undanrennu.

**Tafla 13. Mataræði íslenskra kvenna og karla 15–80 ára 1990 og 2002**
*Table 13. The diet of Icelandic women and men 15–80 years 1990 and 2002*

| Hlutfallslegt magn nokkurra fæðutegunda, grömm /10 MJ[1] *Consumption of foods in grams/10 MJ diet[1]* | 1990 | | 2002 | |
|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| Grænmeti *Vegetables* | 87 | 58 | 148 | 107 |
| Ávextir *Fruit* | 100 | 41 | 137 | 73 |
| Kjöt *Meat* | 90 | 113 | 115 | 138 |
| Fiskur *Fish* | 69 | 73 | 47 | 56 |
| Nýmjólk *Whole milk* | 266 | 348 | 93 | 126 |
| Léttmjólk og undanrenna *Low-fat milk and skimmed milk* | 187 | 138 | 209 | 204 |

[1] Þar sem heildarneysla karla er meiri en kvenna er magn fæðutegunda hér umreiknað og miðað við samræmda orkuinntöku karla og kvenna þ.e.10 MJ (Mega-Joule). Að öðrum kosti væri ekki um raunhæfan samanburð að ræða. *The average daily consumption is higher for men than women. In order to produce comparable figures the quantities of each food type have been adjusted to a daily intake of 10 MJ (Mega-Joule) per day for both sexes.*

**Heimild** *Source*: Manneldisráð Íslands. Landskönnun á mataræði 1990; 2002. *Icelandic Nutrition Council. National Nutritional Survey 1990; 2002.*

*Næringarráðleggingum ekki náð*

Þó breytingar séu í rétta átt varðandi hlutfall orkuefna í fæði kvenna og karla hér á landi vantar enn nokkuð upp á að það samsvari opinberum næringarráðleggingum samanber töflu 14. Hlutfall fitu og próteins þarf að lækka og kolvetnis að hækka.

**Tafla 14. Hlutfall orkuefna í fæði íslenskra kvenna og karla 1990 og 2002**
*Table 14. Energy nutrients as percentage of total energy 1990 and 2002*

| Hlutfallstölur, % *Percentage* | 1990 | | 2002 | | Íslenskar næringar-ráðleggingar |
|---|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* | *Icelandic nutritional goals* |
| Kolvetni *Carbohydrate* | 42 | 39 | 46 | 44 | 55–60 |
| Fita *Fat* | 40 | 43 | 35 | 36 | 30 |
| Prótein *Protein* | 18 | 18 | 18 | 18 | ≥10 |

**Heimild** *Source:* Manneldisráð Íslands. Landskönnun á mataræði 1990; 2002. *Icelandic Nutrition Council. National Nutritional Survey 1990; 2002.*

*Tæplega 6 af 10 körlum og 4 af 10 konum yfir kjörþyngd*

Konum og körlum yfir kjörþyngd hefur farið hlutfallslega fjölgandi síðustu árin og eru tölur þar að lútandi sýnu hærri hjá körlum en konum. Árið 1990 voru 34% kvenna 15–74 ára og 39% karla á sama aldri yfir kjörþyngd en árið 2002 voru hlutföllin komin í 39% hjá konum og 57% hjá körlum. Í yngsta hópnum þ.e. 15–24 ára var fjórðungur karla og 15% kvenna yfir kjörþyngd og í þeim næsta 25–34 ára var þriðjungur kvenna og helmingur karla yfir kjörþyngd. Fór hlutfallið hækkandi með hærri aldri.

Offita er talin vaxandi vandamál í heiminum í dag og á það einnig við hér á landi. Á ofangreindu tímabili hefur hlutfall karla með offitu aukist um nær helming eða úr 7% árið 1990 í 13% árið 2002. Hjá konum hefur samsvarandi hlutfall einnig hækkað umtalsvert eða úr 9% í 12%.

**Mynd 12. Konur og karlar yfir kjörþyngd eftir aldri 2002**
*Figure 12. Women and men over ideal weight by age 2002*



**Tafla 15. Hlutfall þeirra sem eru yfir kjörþyngd eftir aldri 1990 og 2002**
*Table 15. People over ideal weight by age 1990 and 2002*

| Hlutfallstölur, % *Percentage* | 1990 Konur *Women* | 1990 Karlar *Men* | 2002 Konur *Women* | 2002 Karlar *Men* |
|---|---|---|---|---|
| **Alls *Total*** | **34** | **39** | **39** | **57** |
| 15–24 ára *years* | 17 | 9 | 15 | 26 |
| 25–34 ára | 22 | 30 | 34 | 53 |
| 35–44 ára | 35 | 49 | 39 | 61 |
| 45–54 ára | 45 | 58 | 48 | 72 |
| 55–64 ára | 55 | 66 | 52 | 70 |
| 65–74 ára | 61 | 55 | 63 | 82 |
| **Of feitir alls *Obese total*** | **9** | **7** | **12** | **13** |

**Skýringar** *Notes:* BMI (Body Mass Index) er þyngd einstaklings í kg deilt með kvaðrati af hæð hennar/hans í metrum. Ef BMI er 25 eða yfir telst einstaklingur yfir kjörþyngd. Ef BMI er 30 eða meira telst einstaklingur of feitur. Í könnunum Manneldisráðs er stuðst við uppgefna þyngd og hæð en ekki mælda. *BMI is defined as body weight in kilograms divided by squared meters of height. Over ideal weight is defined as BMI 25 or over. Obese is defined as BMI 30 or over. The figures here are based on reported weight and height but not examined.*

**Heimild** *Source:* Manneldisráð Íslands. Landskönnun á mataræði 1990; 2002. *Icelandic Nutrition Council. National Nutritional Survey 1990; 2002.*

*Einn af hverjum þremur hreyfði sig ekkert*

Samkvæmt könnun Manneldisráðs árið 2002 gaf þriðjungur kvenna og karla 15–80 ára til kynna að þau hefðu ekki stundað líkamsrækt eða hreyft sig rösklega í viðmiðunarviku og um 30% kvenna og 25% karla hreyfðu sig tiltölulega lítið eða í í 1–3 klst. Um fimmtungur kvenna og karla sinntu líkamsrækt í 4–6 klst. og 16% kvenna og 22% karla í 7 klst. eða lengur. Ástundun líkamsræktar/hreyfingar fer minnkandi með hækkandi aldri bæði hjá konum og körlum.

**Mynd 13. Stundaði líkamsrækt /hreyfði sig rösklega. Fólk 15–80 ára 2002**
*Figure 13. Physical exercise. People 15–80 years old 2002*




**Skýringar** *Notes:* Spurt var: Í hve margar klukkustundir stundaðir þú líkamsrækt eða hreyfðir þið rösklega í síðustu viku? *Question asked: How many hours did you spend in some kind of physical exercise during the last week?*

**Heimild** *Source:* Manneldisráð Íslands. Landskönnun á mataræði 2002. *Icelandic Nutrition Council. National Nutritional Survey 2002.*

**Tafla 16. Hreyfing fólks eftir aldri í viðmiðunarviku 2002**
*Table 16. Physical exercise by age in reference week 2002*

| Hlutfall af aldurshópi, % *Percentage of age-group* | Engin hreyfing *No Exercise* | | 1–3 klst. *hours* | | 4–6 klst. *hours* | | 7 klst. eða meira *hours or more* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| **Alls** *Total* | **32** | **34** | **30** | **25** | **22** | **19** | **16** | **22** |
| 15–24 | 21 | 20 | 23 | 19 | 29 | 23 | 27 | 38 |
| 25–44 | 25 | 34 | 34 | 23 | 23 | 22 | 18 | 20 |
| 45–64 | 38 | 37 | 32 | 32 | 21 | 14 | 9 | 17 |
| 65–80 | 51 | 49 | 25 | 25 | 14 | 11 | 11 | 14 |

**Skýringar** *Notes:* Spurt var: Í hve margar klukkustundir stundaðir þú líkamsrækt eða hreyfðir þið rösklega í síðustu viku? *Question asked: How many hours did you spend in some kind of physical exercise during the last week?*

**Heimild** *Source:* Manneldisráð Íslands. Landskönnun á mataræði 2002 *Icelandic Nutrition Council. National Nutritional Survey 2002.*

*Fimmtungur kvenna og fjórðungur karla reykir daglega*

Árið 1987 reyktu 31% kvenna 15–79 ára daglega samanborið við 36% karla á sama aldri. Hefur smám saman dregið úr reykingum hér á landi en árið 2003 reyktu 20% kvenna daglega og 25% karla. Sé litið á aldursskiptingu þeirra sem reyktu 2003 sést að hlutfallið var hærra hjá körlum í næstum öllum aldurshópum nema hjá þeim yngstu og elstu. Í hópi 15–19 ára stúlkna reyktu 19% samanborið við 15% pilta á sama aldri. Hlutfall reykinga var hæst á aldrinum 40−49 ára bæði hjá konum og körlum um eða yfir 30%.

**Mynd 14. Hlutfall 15–79 ára fólks sem reykir daglega 1987–2003**
*Figure 14. Percentage of daily smokers 15–79 years old 1987–2003*



**Mynd 15. Hlutfall þeirra sem reykja daglega eftir aldri 2003**
*Figure 15. Percentage of daily smokers by age 2003*




**Heimild** *Source:* Tóbaksvarnaráð. *Committee for Tobacco Use prevention.*

*Áfengisneysla er breytileg eftir kyni*

Í Landskönnun Manneldisráðs árið 2002 var spurt um hve oft konur og karlar neyttu áfengis og skyldu síðustu þrír mánuðir hafðir í huga. Var neyslumynstur kvenna og karla mismunandi hvað varðar bjór og sterk vín en mjög svipað varðandi létt vín. Hærra hlutfall karla en kvenna drakk bjór eða sterk vín óháð hve oft um var að ræða en svipað hlutfall kynjanna drakk létt vín óháð hve oft. Helmingur kvenna samanborið við fjórðung karla hafði ekki drukkið bjór á tímabilinu, helmingur kvenna og 45% karla höfðu ekki drukkið létt vín og 80% kvenna og 55% karla höfðu ekki drukkið sterk vín.

**Tafla 17. Hve oft neyta konur og karlar áfengis að jafnaði?**
*Table 17. How often do women and men normally consume alcohol?*

| Hlutfallstölur, % *Percentage* | Bjór *Beer* | | Léttvín *Wine* | | Sterk vín *Strong spirits* | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| **Alls** ***Total*** | **100** | **100** | **100** | **100** | **100** | **100** |
| Aldrei *Never* | 49 | 23 | 50 | 45 | 80 | 55 |
| 1 í mánuði *Once a month* | 14 | 15 | 17 | 18 | 11 | 22 |
| 2–3 í mánuði *times per month* | 17 | 18 | 16 | 17 | 7 | 15 |
| 1–2 í viku *times a week* | 17 | 34 | 14 | 18 | 2 | 9 |
| 3 í viku eða oftar *times or more a week* | 2 | 10 | 3 | 2 | 0 | 1 |

**Skýringar** *Notes:* Byggt á úrtaksathugun 1.500 manna 15–80 ára árið 2002. Spurt var: „Geturðu áætlað hversu oft þú drekkur að jafnaði bjór, vín og sterk vín? Hafðu síðustu þrjá mánuði í huga.“ *Based on a sample survey of 1,500 people aged 15–80 in 2002. Question asked: “Can you estimate how often you drink beer, wine or spirits? Consider last three months.”*

**Heimild** *Source:* Manneldisráð Íslands. Landskönnun á mataræði 2002. *Icelandic Nutrition Council. National Nutritional Survey 2002.*

**Mynd 16. Hve oft neyta konur áfengis að jafnaði 2002?**
*Figure 16. How often do women normally consume alcohol 2002?*




**Skýring** *Note*: Miðað er við síðustu þrjá mánuði fyrir könnun. *Last three months before survey to be considered.*

**Mynd 17. Hve oft neyta karlar áfengis að jafnaði?**
*Figure 17. How often do men normally consume alcohol?*




**Skýring** *Note*: Miðað er við síðustu þrjá mánuði fyrir könnun. *Last three months before survey to be considered.*

## Krabbamein

*Brjóstakrabbamein algengasta krabbamein hjá konum*

Nýgengi krabbameina var svipað hjá konum og körlum á heildina litið tímabilið 1998–2002. Algengustu krabbamein hjá konum voru í brjósti, lungum, ristli, eggjakerfi og sortuæxli. Árlegt nýgengi (skilgreint sem fjöldi krabbameina sem greinist á einu ári) brjóstakrabbameins hjá konum hefur aukist jafnt og þétt á síðustu áratugum og var aldursstaðlað nýgengi 92 á 100.000 konur að meðaltali árin 1998–2002. (Eru tölur aldursstaðlaðar til að auðvelda samanburð milli ára og landa). Á sama tíma var aldursstaðlað nýgengi krabbameins 30 í lungum og 16 í ristli og eggjakerfi. Nýgengi sortuæxlis var 18 á 100.000 konur og hafði hækkað úr 7 tímabilið 1988–1992.

*Krabbamein í blöðruhálskirtli algengasta krabbamein karla*

Algengustu krabbamein hjá körlum nú eru í blöðruhálskirtli, lungum, ristli, blöðru og nýrum. Árlegt nýgengi krabbameins í blöðruhálskirtli hefur aukist jafnt og þétt. Aldursstaðlað nýgengi var 82 á 100.000 karla að meðaltali árin 1998–2002. Sambærilegt nýgengi krabbameins í lungum var 31 og hafði lækkað lítillega, það var 25 í ristli og 22 í blöðru en 15 í nýrum.

**Mynd 18. Algengustu krabbamein hjá konum. Ný tilfelli 1958–2002**
*Figure 18. The most common sites of cancer in women. New cases 1958–2002*




**Skýring** *Note*: Aldursstaðlað árlegt nýgengi af 100.000 íbúum miðað við alþjóðlegan aldursstaðal (Segi). *Age-adjusted world standardized incidence rate per 100,000 population (Segi).*

**Heimild** *Source*: Krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands. *Cancer Register, Iceland Cancer Society.*

**Mynd 19. Algengustu krabbamein hjá körlum. Ný tilfelli 1958–2002**
*Figure 19. The most common sites of cancer in men. New cases 1958–2002*




**Skýring** *Note*: Aldursstaðlað árlegt nýgengi af 100.000 íbúum miðað við alþjóðlegan aldursstaðal (Segi). *Age-adjusted world standardized incidence rate per 100,000 population (Segi).*

**Heimild** *Source*: Krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands. *Cancer Register, Iceland Cancer Society.*

## Sjúkrahúslegur

*Sjúkrahúslegur kvenna fleiri en karla*

Á heildina litið eru sjúkrahúslegur fleiri á 1.000 konur en karla eða 190 hjá konum samanborið við 131 hjá körlum árið 2002. Eru sjúkrahúslegur kvenna áberandi fleiri en karla á aldrinum 15–44 ára sem kemur ekki á óvart þar sem hér er um barnsburðaraldur kvenna að ræða. Sjúkrahúslegur kvenna eru einnig fleiri en karla á aldrinum 45–64 ára en færri í öðrum aldurshópum.

**Mynd 20. Legur á sjúkrahúsum eftir aldri 2002**
*Figure 20. Discharges from somatic hospital wards by age 2002*




**Tafla 18. Legur og meðallegutími á sjúkrahúsum eftir aldri 2002**
*Table 18. Discharges from somatic hospital wards and average length of stay by age 2002*

| | Legur *Discharges* | | Legur á 1.000 íbúa *Discharges per 1,000 pop.* | | Meðallegutími (dagar) *Average length of stay (days)* | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| **Alls *Total*** | **27.352** | **18.841** | **190** | **131** | 4,7 | 5,0 |
| 0–14 | 4.701 | 5.172 | 145 | 153 | 2,6 | 2,5 |
| 15–44 | 10.829 | 3.204 | 172 | 50 | 2,8 | 3,2 |
| 45–64 | 4.475 | 3.657 | 150 | 119 | 4,5 | 4,9 |
| 65–69 | 1.195 | 1.199 | 247 | 267 | 6,5 | 5,9 |
| 70–74 | 1.587 | 1.628 | 333 | 380 | 7,6 | 7,0 |
| 75–79 | 1.633 | 1.569 | 425 | 507 | 8,4 | 8,0 |
| 80– | 2.932 | 2.412 | 592 | 751 | 10,6 | 8,9 |

**Skýring** *Note*: Legur á almennum legudeildum, skemmri en 90 dagar. *Discharges with length of stay less than 90 days.*

**Heimild** *Source:* Landlæknisembættið. *Directorate of Health.*

## Öryrkjar

*Hærra hlutfall kvenna en karla eru öryrkjar*

Árið 2003 fengu 7.382 konur og 4.917 karlar örorkulífeyri eða örorkustyrk. Þetta samsvarar 8 af hundraði kvenna og 5 af hundraði karla á aldrinum 16–66 ára. Árið 1995 var sambærilegt hlutfall kvenna 6% og karla 4%. Fjöldi örorkuþega fer vaxandi með hækkandi aldri. Tíunda hver kona á aldrinum 45–54 ára er öryrki en 7% karla og tæplega fimmta hver kona á aldrinum 55–66 ára samanborið við 11% karla.

**Mynd 21. Örorkulífeyris- og örorkustyrkþegar eftir aldri 2003**
*Figure 21. Recipients of disability pensions/allowances by age 2003*




**Tafla 19. Örorkulífeyris- og örorkustyrkþegar eftir aldri 2003**
*Table 19. Recipients of disability pensions/allowances by age 2003*

| Aldur *Age* | Fjöldi *Number* | | Hlutföll, % *Percentage* | |
|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| **16–66 ára *years*** | **7.382** | **4.917** | **8** | **5** |
| 16–24 | 316 | 372 | 2 | 2 |
| 25–34 | 785 | 601 | 4 | 3 |
| 35–44 | 1.603 | 1.001 | 8 | 5 |
| 45–54 | 1.894 | 1.275 | 10 | 7 |
| 55–66 | 2.784 | 1.668 | 19 | 11 |

**Heimild** *Source:* Tryggingastofnun ríkisins. *State Social Security Institute.*

*Sjúkdómar í stoðkerfi og geð- og atferlisraskanir helstu orsakir örorku*

Algengustu orsakir örorku hjá konum eru sjúkdómar í stoðkerfi, 35% og geð- og atferlisraskanir, 31%. Hjá körlum eru geð-og atferlisraskanir orsök örorku í 40% tilvika en sjúkdómar í stoðkerfi 17%. Sjúkdómar í taugakerfi eru orsök örorku hjá 9% kvenna og 12% karla. Áverkar og hjartasjúkdómar eru hlutfallslega algengari orsök örorku hjá körlum en konum.

**Tafla 20. Örorkulífeyris- og örorkustyrkþegar eftir sjúkdómaflokkum 2003**
*Table 20. Recipients of disability pensions/allowances by diagnostic group 2003*

| Tölur 1. desember *Data 1 December* | Fjöldi *Number* | | Hlutföll, % | |
|---|---|---|---|---|
| Sjúkdómaflokkur *Diagnostic groups* | Konur | Karlar | Konur | Karlar |
| ICD-9; ICD-10 [1] | *Women* | *Men* | *Women* | *Men* |
| **Alls *Total*** | **7.382** | **4.917** | **100** | **100** |
| Áverkar *External causes of injury and poisoning* | 392 | 420 | 5 | 9 |
| Geð- og atferlisraskanir *Mental and behavioural disorders* | 2.300 | 1.971 | 31 | 40 |
| Hjarta- og æðasjúkdómar *Diseases of the circulatory system* | 327 | 441 | 4 | 9 |
| Innkirtla- og efnaskiptasjúkd. *Endocrine, nutrit. and metab. dis.* | 196 | 111 | 3 | 2 |
| Sjúkdómar í stoðkerfi *Diseases of the musculo-skeletal system/* | 2.572 | 838 | 35 | 17 |
| Sjúkdómar í taugakerfi, augum og eyrum *Dis. of the nerv. syst.* | 664 | 593 | 9 | 12 |
| Sjúkdómar í öndunarfærum *Diseases of the respiratory system* | 224 | 98 | 3 | 2 |
| Krabbamein *Malignant neoplasm* | 148 | 105 | 2 | 2 |
| Meðfædd vandamál *Congenital malform. and chromos. abnorm.* | 171 | 178 | 2 | 4 |
| Aðrir sjúkdómaflokkar *Other* | 388 | 162 | 5 | 3 |

[1] Alþjóðleg sjúkdóma- og dánarmeinaskrá. Níunda og tíunda útgáfa. *International Classification of Diseases, Ninth and Tenth Revision.*

**Heimild** *Source:* Tryggingastofnun ríkisins. *The State Social Security Institute.*

## Dánir og dánarorsakir

*Dánartíðni*

Árið 2003 létust 925 konur og 901 karl. Dánartíðni kvenna var 6,4 á 1.000 íbúa og karla 6,2 en algengara er að dánartíðni karla sé hærri en kvenna. Dánartíðni karla var hærri en kvenna í flestum aldurshópum árið 2003.

*Ungbarnadauði minnstur hér á landi*

Vaxandi velferð og minnkandi ungbarnadauði á liðinni öld eiga stóran þátt í því hvað meðalævilengd fólks hefur vaxið. Hér á landi er ungbarnadauði einna lægstur í heiminum en árið 2003 létust 2,4 börn á fyrsta ári af hverjum 1.000 lifandi fæddum, þrír drengir og tvær stúlkur af 1.000 en dánartíðni ungbarna miðast við lifandi fædda en ekki fjölda í viðkomandi aldurshópi.

**Mynd 22. Ungbarnadauði 1901–2000. Látnir á fyrsta ári af 1.000 lifandi fæddum**
*Figure 22. Infant mortality 1901–2000. Deaths during first year per 1,000 live births*



*Sjúkdómar í blóðrásarkerfi og illkynja æxli algengustu dánarmeinin*

Nýjustu upplýsingar sem fyrir liggja um dánarorsakir eru frá árinu 2001. Það ár létust 801 kona (5,6/1.000) og 924 karlar (6,5/1.000) hér á landi. Er þessi fjöldi kvenna óvenju lágur miðað við árin á undan og eftir en árið 2000 dóu 918 konur og 886 árið 2002. Helstu dánarorsakir beggja kynja voru sjúkdómar í blóðrásarkerfi en úr þeim dóu 38% kvenna (306) og 41% karla (376), og illkynja æxli eða krabbamein en af þeim völdum létust 26% kvenna (209) og 30% karla (276). Hærra hlutfall karla en kvenna létust vegna ytri orsaka áverka eða 10% (90) samanborið við 5% kvenna (41). Sjúkdómar í öndunarfærum orsökuðu lát 9% kvenna (76) og 7% karla (66) og geð- og atferlisraskanir 4% kvenna (35) og 2% karla (20).

**Tafla 21. Dánir eftir helstu dánarorsökum 2001**
*Table 21. Deaths by main causes of death 2001*

| | Fjöldi *Number* | | Á 100.000 íbúa *Per 100,000 pop* | |
|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| **Allar dánarorsakir** ***Total deaths*** | **801** | **924** | **563** | **647** |
| Sjúkdómar í blóðrásarkerfi *Diseases of the circulatory system* (33) | 306 | 376 | 215 | 263 |
| Illkynja æxli *Malignant neoplasm* (7) | 209 | 276 | 147 | 193 |
| Sjúkdómar í öndunarfærum *Diseases of the respiratory system* (37) | 76 | 66 | 53 | 46 |
| Ytri orsakir áverka og eitrana *External causes of injury and poisoning* (58) | 41 | 90 | 29 | 63 |
| Geðraskanir og atferlisraskanir *Mental and behav. disorders* (28) | 35 | 20 | 25 | 14 |
| Aðrar orsakir *Other* | 134 | 96 | 94 | 67 |

**Skýring** *Note*: Númer í svigum vísa til númera í evrópska stuttlistanum um dánarorsakir. *Numbers in brackets refer to numbers in the European shortlist of causes of death.*

*Tíðni dánarorsaka er breytileg eftir kyni og aldri*

Tíðni dánarorsaka er breytileg eftir kyni og aldri. Hjá yngra fólki eru dánarmein einkum slys eða illkynja æxli auk annarra sem ekki falla undir meginflokka dánarmeina. Við 45–64 ára aldur eru illkynja æxli algengasta dánarorsökin bæði hjá konum og körlum og því næst sjúkdómar í blóðrásarkerfi en tíðni þeirra er þá hærri hjá körlum en konum. Á aldrinum 65–74 ára eru sjúkdómar í blóðrásarkerfi enn algengasta dánarorsök karla en illkynja æxli hjá konum. Sjúkdómar í öndunarfærum koma nokkuð við sögu hjá báðum kynjum á þessum aldri. Hjá 75 ára og eldri eru blóðrásarsjúkdómar aðaldánarorsök kvenna jafnt sem karla og síðan illkynja æxli en tíðni þessara dánarmeina er verulega hærri hjá körlum en konum. Þessu næst koma sjúkdómar í öndunarfærum með svipaða tíðni hjá báðum kynjum og þá geð- og atferlisraskanir með hærri tíðni hjá konum en körlum.

## Menntun

Fjallað verður um öll skólastig í þessum kafla allt frá leikskólastigi til háskólastigs. Í tengslum við leikskóla er getið um dagvistun á einkaheimilum. Farið er yfir skólasókn, námsval, námsform og brautskráningar. Þá er yfirlit um mannfjöldann eftir menntunarstigi. Skólastjórnendum og kennurum eftir skólastigi eru gerð skil. Ennfremur er greint frá útskrifuðum doktorum og starfandi fólki í vísindum. Loks er sagt frá notkun kvenna og karla á tölvum og interneti.

## Skólasókn

*Hlutfallslega fleiri konur en karlar á háskólastigi*

Haustið 2003 voru hátt í sautján þúsund börn á leikskólastigi, aðeins fleiri drengir en stúlkur. Á sama tíma voru tæp 45 þúsund börn í grunnskólum landsins einnig heldur fleiri drengir en stúlkur. Á framhaldsskólastigi stunduðu um 22 þúsund ungmenni nám og voru stúlkur heldur fleiri en piltar eða 52% nemenda. Á háskólastigi voru nemendur ríflega 15 þúsund og hlutur kvenna þar 63% og karla því 37%. Rúmlega tvö þúsund nemendur voru við nám erlendis samkvæmt upplýsingum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, heldur fleiri karlar en konur eða 52%.

**Tafla 22. Skólasókn eftir skólastigi að hausti 2003**
*Table 22. Students by education level, autumn 2003*

| | Fjöldi *Number* | | Hlutföll, % | |
|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| Leikskólastig *Pre-primary education* | 8.201 | 8.484 | 49 | 51 |
| Grunnskólastig *Compulsory education* | 21.716 | 23.093 | 48 | 52 |
| Framhaldsskólastig *Upper secondary education* | 11.300 | 10.601 | 52 | 48 |
| Háskólastig *Tertiary education* | 9.786 | 5.680 | 63 | 37 |
| Nám erlendis *Studying abroad*[1] | 1.006 | 1.091 | 48 | 52 |

*Skólasókn kvenna meiri en karla*

Sé litið til skólasóknar árganga 16–29 ára haustið 2003 var skólasókn kvenna meiri en karla í öllum árgöngum nema 20 ára þar sem skólasókn kynja var jöfn. Munur á skólasókn kynjanna var mestur við 25 ára aldur.

**Mynd 23. Hlutfallsleg skólasókn árganga 16–29 ára haustið 2003**
*Figure 23. Enrolment rates of age cohorts 16–29, autumn 2003*




## Leikskólar

*Langflest 3–5 ára börn sækja leikskóla*

Árið 2003 voru 16.685 börn á leikskólum landsins, 4.722 börn á aldrinum 0–2 ára sem svarar til 38% allra barna á þeim aldri og 11.963 börn 3–5 ára eða 94% allra barna á þessum aldri. Til samanburðar má nefna að árið 1991 voru 14% barna 0–2 ára og 73% 3–5 ára barna á leikskólum hér á landi.

**Mynd 24. Börn í leikskólum í hlutfalli af aldursflokkum 1991–2003**
*Figure 24. Children in pre-primary institutions as percent of age groups 1991–2003*




**Tafla 23. Börn í leikskólum í desember 1991–2003**
*Table 23. Children in pre-primary institutions in December 1991–2003*

| | Fjöldi barna *Number of children* | | | Í hlutfalli af aldurshópi *As percentage of age group* | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 0–5 ára *years* | 0–2 ára *years* | 3–5 ára *years* | 0–5 ára *years* | 0–2 ára *years* | 3–5 ára *years* |
| 1991 | 11.138 | 1.901 | 9.237 | 42 | 14 | 73 |
| 1995 | 14.504 | 3.030 | 11.474 | 53 | 23 | 83 |
| 2000 | 14.574 | 2.779 | 11.795 | 57 | 22 | 91 |
| 2001 | 15.578 | 3.666 | 11.912 | 61 | 29 | 92 |
| 2002 | 16.282 | 4.509 | 11.773 | 65 | 37 | 93 |
| 2003 | 16.685 | 4.722 | 11.963 | 67 | 38 | 94 |

*Viðvera 8 tímar eða lengur hjá 66% leikskólabarna*

Það er ekki aðeins að hlutfallslega fleiri börn sæki nú leikskóla heldur er lengri viðvera þar einnig orðin algengari en áður. Viðvera á leikskólum er í fjórar til níu klst. eða lengur. Um 66% barna 0–2 ára og sama hlutfall 3–5 ára barna sem eru á leikskólum eru í 8 klst eða lengur, þriðjungur barnanna er skemur. Í hlutfalli af árgöngum eru 25% barna 2–5 ára og 62% allra 3–5 ára barna í 8 klst eða lengur á leikskólum.

*16% 0–2 ára barna í dagvist á einkaheimilum*

Í tengslum við umfjöllun um fjölda barna í leikskólum er rétt að nefna dagvist barna 0–5 ára á einkaheimilum. Árið 2002 voru 2.003 börn 0–5 ára í dagvist á einkaheimilum eða 8% af aldurshópnum. Langflest barnanna eða 1.963 voru á aldrinum 0–2 ára en það eru 16% barna á þeim aldri en 40 börn voru 3–5 ára eða 0,3% barna á þeim aldri og hefur sá hópur farið ört minnkandi síðustu árin.

**Mynd 25. Börn í leikskólum eftir aldri og lengd viðveru 2003**
*Figure 25. Children in pre-primary institutions by age and daily attendance 2003*




## Nemendur og námsval

*Kynbundið námsval enn fyrir hendi í framhaldsskólum*

Konur eru 52 % nemenda á framhaldsskólastigi. Þær eru fjölmennari en karlar á flestum námsbrautum. Kynbundið námsval er enn fyrir hendi. Þannig eru stúlkur 95% nemenda á heilsubraut, 81% á málabraut og 74% á listabraut en dæmið snýst við á iðn- og tæknibrautum þar sem piltar eru 88% nemenda. Á nokkrum brautum er hlutfall stúlkna um og yfir 60% t.d. á félagsfræðibrautum sem eru einna fjölmennastar. Hlutur kynjanna er jafn á almennum brautum og raungreinabrautum sem eru með um þriðjung nemenda á þessu skólastigi.

**Tafla 24. Nemendur á framhaldsskólastigi eftir flokkun náms að hausti 2003**
*Table 24. Students in upper secondary level by subject group, autumn 2003*

| | Fjöldi *Number* | | Hlutföll, % | |
|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| **Framhaldsskólastig** ***Upper secondary level*** | **11.300** | **10.601** | **52** | **48** |
| Heilsubrautir *Health-related programmes* | 576 | 33 | 95 | 5 |
| Málabrautir *Languages* | 1.059 | 253 | 81 | 19 |
| Listabrautir *Fine and applied arts* | 743 | 263 | 74 | 26 |
| Búsýslubrautir, matvælabrautir, þjónustuiðnir *Agriculture, food and service trades* | 805 | 436 | 65 | 35 |
| Uppeldis- og íþróttabrautir *Pedagogical and physical programmes* | 238 | 147 | 62 | 38 |
| Félagsfræðabrautir *Social science programmes* | 2.792 | 1.778 | 61 | 39 |
| Viðskipta- og hagfræðabrautir *Commerce, economics* | 818 | 535 | 60 | 40 |
| Almennar brautir *General programmes* | 1.702 | 1.611 | 51 | 49 |
| Raungreinabrautir *Natural science programmes* | 2.088 | 2.141 | 49 | 51 |
| Iðn- og tæknibrautir *Crafts and technical trades* | 479 | 3.404 | 12 | 88 |

*Konur nú 63% nemenda á háskólastigi*

Nemendum á háskólastigi hefur fjölgað mikið síðustu tvo áratugi og árið 1984 voru konur í fyrsta sinn fleiri en karlar á þessu skólastigi. Konum í hópi nemenda hefur fjölgað hlutfallslega meira en körlum og staða kynja hvað þetta snertir því smám saman snúist við. Haustið 2003 voru konur 63% nemenda á háskólastigi en karlar 37%.

**Mynd 26. Nemendur í háskólanámi á Íslandi og erlendis 1977–2003**
*Figure 26. Students at tertiary level in Iceland and abroad 1977–2003*




*Námsval á háskólastigi er að nokkru leyti enn kynbundið*

Konur á háskólastigi eru fjölmennari en karlar í öllum meginflokkum náms nema í flokknum náttúrufræði, stærðfræði og flokknum tæknigreinar, verkfræði. Námsval kvenna og karla á þessu skólastigi er að vissu leyti enn kynbundið þó víða sé kynjaskiptingin nú jafnari en áður. Haustið 2003 voru konur 84% nemenda í heilbrigðisgreinum og uppeldis- og kennaranámi en karlar hins vegar 75% nemenda í tæknigreinum og verkfræði. Í greinum eins og tungumálum, listum og samfélagsvísindum þ.m.t. lögfræði var hlutur kvenna 65–67% og í viðskipta- og hagfræði sem er fjölmenn grein var hann 55%. Karlar voru 57% nemenda í náttúrufræði og stærðfræði.

**Tafla 25. Nemendur á háskólastigi eftir flokkun náms að hausti 2003**
*Table 25. Students in tertiary level education by subject group, autumn 2003*

| | Fjöldi *Number* | | Hlutföll, % | |
|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| **Háskólastig** ***Tertiary level (incl. non-university)*** | **9.786** | **5.680** | **63** | **37** |
| Lækningar, heilbrigðisgreinar *Medicine, nursing, etc.* | 1.345 | 248 | 84 | 16 |
| Uppeldisfræði, kennaranám *Teacher-training, educ. science* | 2.491 | 460 | 84 | 16 |
| Tungumál, mannvísindi *Languages, humanities* | 1.463 | 731 | 67 | 33 |
| Listir *Fine and applied arts* | 246 | 128 | 66 | 34 |
| Samfélagsvísindi, lögfræði *Social sciences, jurisprudence* | 1.542 | 815 | 65 | 35 |
| Viðskipta- og hagfræði *Economics, business administration* | 1.549 | 1.244 | 55 | 45 |
| Landbúnaður, matvælafræði, þjónusta *Agriculture, food sciences, services* | 130 | 121 | 52 | 48 |
| Náttúrufræði, stærðfræði *Natural sciences, mathematics* | 696 | 941 | 43 | 57 |
| Tæknigreinar, verkfræði *Engineering* | 324 | 992 | 25 | 75 |

*Mikil sókn í meistara- og doktorsnám á Íslandi*

Athyglisverð er sú þróun sem orðið hefur á allra síðustu árum í fjölda nemenda sem stunda framhaldsnám hér á landi þ.e. nám til meistaraprófs og doktorsprófs. Haustið 2003 voru 800 konur og 470 karlar skráð í meistaranám hér heima auk þess sem 27 konur og 24 karlar voru skráð í doktorsnám. Er hlutfall kynja í meistaranámi það sama og í nemendafjölda á háskólastigi í heild, konur 63% og karlar 37% en hlutur kvenna er heldur lægri meðal doktorsnema eða 53%.

**Tafla 26. Nemendur í framhaldsnámi á háskólastigi á Íslandi að hausti 2003**
*Table 26. Students in post graduate studies in Iceland, autumn 2003*

| | Fjöldi *Number* | | Hlutföll, % *Percentage* | |
|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| Meistaranám *Education for the Master's degree* | 800 | 470 | 63 | 37 |
| Doktorsnám *Education for a Ph.D. degree* | 27 | 24 | 53 | 47 |

*Fjarnám algengara meðal kvenna en karla*

Námsform á háskólastigi hefur tekið breytingum á síðustu árum. Fjarnám hefur farið vaxandi. Árið 2003 voru tæplega 1.600 konur í fjarnámi sem svarar til 16% kvenna í námi á háskólastigi. Á sama tíma voru 405 karlar í fjarnámi eða 7% karla í háskólanámi. Nám í kvöldskóla stunduðu 275 konur (3%) og 416 karlar (7%).

**Mynd 27. Nemendur á háskólastigi eftir námsformi 2003**
*Figure 27. Students at tertiary level by mode of studying 2003*




*Svipaður fjöldi kvenna og karla við nám erlendis 2003*

Tölur um fjölda Íslendinga við nám erlendis eru fengnar frá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Er hér oftast um framhaldsnám að ræða. Mynd 26 sýnir að fjöldi námsmanna fór vaxandi framundir lok níunda áratugarins en þá fækkaði þeim aftur um tíma en hefur síðan fjölgað á ný. Karlar hafa jafnan verið fleiri en konur þar til síðustu árin að munurinn hefur jafnast út. Árið 2003 voru 1.091 karl (52%) og 1.006 konur (48%) við nám erlendis.

Svipað kynjamynstur kemur fram í tölum um nám erlendis og í námi innanlands. Hlutur kvenna er mun hærri en karla í uppeldis- og kennaranámi svo og lækningum og heilbrigðisgreinum en hlutur karla umtalsvert hærri en kvenna í tæknigreinum.

## Brautskráningar

*Svipaður fjöldi brautskráninga kvenna og karla á framhaldsskólastigi en kynbundinn munur eftir námsbrautum*

Skólaárið 2002–2003 voru brautskráningar kvenna á framhaldsskólastigi 2.594 (50%) og karla 2.583 (50%). Kynbundinn munur er greinilegur þegar litið er til brautskráninga eftir námsbrautum. Voru konur í miklum meirihluta brautskráðra á heilsu-, mála-, lista-, félagsfræða- og matvælabrautum en karlar voru hins vegar mun fleiri brautskráðra á iðn- og tæknibrautum. Jafnræði kynja ríkir á raungreinabrautum og viðskiptabrautum. Tæplega helmingur allra brautskráninga karla eða 44% voru af iðn- og tæknibrautum en aðeins 5% brautskráninga kvenna.

**Mynd 28. Brautskráningar á framhaldsskólastigi 2002/2003**
*Figure 28. Graduations at upper secondary level 2002/2003*




*Translation: see table 24.*

*Konur sex af hverjum tíu brautskráðra á háskólastigi, karlar fjórir*

Skólaárið 2002/2003 voru brautskráningar kvenna á háskólastigi 1.842 og karla 1.079. Var hlutfall kvenna 63% á heildina en hæst var það í brautskráningum í heilbrigðisgreinum (86%) og uppeldis- og kennaranámi (82%). Hlutfall karla var hæst í tæknigreinum (73%) og náttúrufræði og stærðfræði (59%).

**Mynd 29. Brautskráningar á háskólastigi 2002/2003**
*Figure 29. Graduations at tertiary level 2002/2003*




*Translation: see table 27.*

Það er einnig vert að skoða hvernig dreifingu brautskráninga er háttað eftir námsbrautum. Flestar brautskráningar kvenna eða 35% voru í uppeldis- og kennaranámi og í viðskipta- og hagfræði 16% en fæstar í listum 3% og tæknigreinum 5%. Stærsti hluti brautskráninga karla var í viðskipta- og hagfræði 22% og í tæknigreinum einnig 22% en fæstar í listum og heilbrigðisgreinum, 3%.

**Tafla 27. Brautskráningar á háskólastigi 2002/2003**
*Table 27. Graduations at tertiary level 2002/2003*

| | Fjöldi *Number* | | Hlutfallsleg skipting, % | |
|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| **Háskólastig *Tertiary level (incl. non-university)*** | **1.842** | **1.079** | **100** | **100** |
| Uppeldisfræði, íþróttir, kennaranám *Teacher-training, education science* | 638 | 141 | 35 | 13 |
| Viðskipta- og hagfræði *Economics, business administration* | 289 | 239 | 16 | 22 |
| Lækningar, heilbrigðisgreinar *Medicine, nursing, etc.* | 221 | 36 | 12 | 3 |
| Tungumál, mannvísindi *Languages, humanities* | 179 | 92 | 10 | 9 |
| Samfélagsvísindi, lögfræði *Social sciences, jurisprudence* | 145 | 90 | 8 | 8 |
| Náttúrufræði, stærðfræði *Natural sciences, mathematics* | 113 | 162 | 6 | 15 |
| Landbúnaður, matvælafræði, þjónusta *Agriculture, food sciences, services* | 104 | 46 | 6 | 4 |
| Tæknigreinar, verkfræði *Engineering* | 89 | 242 | 5 | 22 |
| Listir *Fine and applied arts* | 64 | 31 | 3 | 3 |

*Mun fleiri útskriftir karla en kvenna úr iðnnámi en fleiri konur en karlar ljúka stúdentsprófum*

Tafla 28 sýnir brautskráningar eftir prófgráðu skólaárið 2002/03. Er þar bæði um próf af framhaldsskólastigi og háskólastigi að ræða. Fjöldi útskrifta kvenna var alls 4.436 (55%) og karla 3.662 (45%). Karlar voru í miklum meirihluta þeirra sem luku burtfararprófi úr iðn og sveinsprófi en konur í meirihluta þeirra sem luku stúdentsprófi (62%). Konur hafa verið í meirihluta brautskráðra stúdenta allt frá skólaárinu 1977/78.

**Tafla 28. Brautskráningar eftir prófgráðu 2002/2003**
*Table 28. Graduations by diplomas and degrees 2002/2003*

| | Fjöldi *Number* | | Hlutföll, % *Percentage* | |
|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| **Prófgráður alls *Diplomas and degrees*** | **4.436** | **3.662** | **55** | **45** |
| Burtfararpróf úr iðn *Certified trade, school certificate* | 133 | 462 | 22 | 78 |
| Sveinspróf *Journeyman's examination* | 113 | 452 | 20 | 80 |
| Stúdentspróf *Matriculation examination* | 1.583 | 987 | 62 | 38 |
| Önnur framhaldsskólapróf *Other examin. at upper secondary level* | 765 | 682 | 53 | 47 |
| Iðnmeistarapróf *Master of trade examination* | 68 | 75 | 48 | 52 |
| Próf á háskólastigi (ekki háskólagráða) *Tertiary level, non-university diploma* | 337 | 245 | 58 | 42 |
| Háskólapróf, fyrsta gráða *First university degree* | 1.067 | 638 | 63 | 37 |
| Viðbótarnám að lokinni fyrstu gráðu, ekki framhaldsgráða *Diploma after first university degree, not second degree* | 260 | 37 | 88 | 12 |
| Háskólapróf, meistaragráða *Master's degree* | 108 | 81 | 57 | 43 |
| Doktorsgráða *Ph.D.* | 2 | 3 | 40 | 60 |

*Konur 63% brautskráðra með fyrstu háskólagráðu*

Próflok á háskólastigi án háskólagráðu voru heldur fleiri hjá konum en körlum. Háskólaprófi, fyrstu gráðu, luku 1.067 konur (63%) og 638 karlar (37%). Konur voru 88% þeirra sem útskrifuðust með viðbótarnám, ekki framhaldsgráðu, að lokinni fyrstu gráðu, eða 260 samanborið við 37 karla. Þær voru og fjölmennari í hópi þeirra sem luku meistaragráðu eða 108 (57%) en karlar voru 81 (43%). Fimm luku doktorsprófi frá íslenskum háskóla þetta skólaár, tvær konur og þrír karlar.

*Konum sem ljúka doktorsprófi fer ört fjölgandi*

Ekki eru fyrir hendi tæmandi upplýsingar um Íslendinga sem ljúka doktorsprófi þar sem langflestir þeirra útskrifast frá erlendum háskólum. Í Árbókum Almanaks Hins íslenska þjóðvinafélags er birt yfirlit um þá sem lokið hafa doktorsprófi viðkomandi ár á grundvelli fréttatilkynninga í Morgunblaðinu og heimilda frá Háskóla Íslands og gefa þær upplýsingar vísbendingar um þróunina. Tölur um fjölda þeirra sem ljúka doktorsprófi voru unnar úr þessum gögnum fyrir tímabilið 1990–2000 fyrir ritið *Konur í vísindum á Íslandi* sem menntamálaráðuneytið gaf út árið 2002 og hafa upplýsingarnar verið uppfærðar hér. Á tímabilinu 1990–2003 luku 539 doktorsprófi eftir því sem vitað er um, 169 konur eða 31% og 370 karlar, 69%. Sé tímabilinu skipt í þrennt er ljóst að hlutur kvenna hefur farið vaxandi.

**Mynd 30. Doktorar útskrifaðir á Íslandi og erlendis 1990–2003**
*Figure 30. Ph.D. graduations from Universities in Iceland and abroad 1990–2003*




**Tafla 29. Doktorar útskrifaðir á Íslandi og erlendis 1990–2003**
*Table 29. Persons completing Ph.D. degree in Iceland and abroad 1990–2003*

| | Fjöldi *Number* | | Hlutföll, % | |
|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| **Alls *Total*** | **169** | **370** | **31** | **69** |
| 1990–1994 | 39 | 146 | 21 | 79 |
| 1995–1999 | 53 | 130 | 29 | 71 |
| 2000–2003 | 77 | 94 | 45 | 55 |

**Skýringar** *Notes:* Byggt er á upplýsingum sem birtast um nýútskrifaða doktora í Morgunblaðinu ár hvert og frá Háskóla Íslands. Upplýsingarnar eru ekki tæmandi um fjölda útskrifaðra doktora. *Based on information on new doctors published in Morgunbladid each year and from The University of Iceland. The information is not exhaustive of all those finishing a doctors´degree respective years.*

**Heimild** *Source:* Almanak Hins íslenska þjóðvinafélags 1992–2004. Árbækur 1990–2002; Rannís fréttir 1. 2004. *The Yearbooks of the Icelandic Ethnic Society 1990–2002. Rannís Newsletter 1. 2004.*

## Menntunarstig mannfjöldans

*Fimmtungur mannfjöldans 25–64 ára með háskólamenntun*

Menntunarstig mannfjöldans 25–64 ára árið 2002 kemur fram í töflu 30 sem byggð er á gögnum vinnumarkaðsrannsókna Hagstofunnar. Á heildina litið er hærra hlutfall kvenna en karla með grunnmenntun/starfsnámskeið eingöngu eða 43% á móti 26% karla. Með framhaldsskólamenntun eru 28% kvenna og 31 % karla en aftur skilur á milli kynja við sérskólamenntun þar sem 22% karla en 10% kvenna hafa þá menntun og er þessi munur að hluta til vegna færri kvenna með iðnmeistaranám að baki. Kynin standa hins vegar jöfn að vígi þegar kemur að háskólamenntun, fimmtungur kvenna og karla eru með þá menntun. Því yngri sem konurnar eru því hærra hlutfall þeirra er með háskólamenntun sem kemur heim og saman við mikla sókn þeirra í háskólamenntun síðustu árin. Hlutfall karla með háskólamenntun er í kringum 22% hjá 25–54 ára en nokkuð lægra hjá 55–64 ára eða 14%.

**Tafla 30. Mannfjöldinn 25–64 ára eftir menntunarstigi og aldri 2002**
*Figure 30. Population aged 25–64 years by education level and age 2002*

| Hlutfallstölur, % *Percentage* | 25–64 Alls *total* | 25–34 ára *years* | 35–44 ára *years* | 45–54 ára *years* | 55–64 ára *years* |
|---|---|---|---|---|---|
| **Konur alls *Women total*** | **100** | **100** | **100** | **100** | **100** |
| Grunnmenntun *ISCED 1, 2* | 28 | 31 | 34 | 17 | 27 |
| Starfsnámskeið/gagnfræðapróf *ISCED 1,2+* | 15 | 5 | 6 | 27 | 26 |
| Framhaldsskólamenntun *ISCED 3* | 28 | 33 | 25 | 26 | 28 |
| Sérskólamenntun *ISCED 5* | 10 | 7 | 12 | 13 | 8* |
| Háskólamenntun *ISCED 6, 7* | 20 | 24 | 23 | 17 | 10 |
| **Karlar alls *Men total*** | **100** | **100** | **100** | **100** | **100** |
| Grunnmenntun *ISCED 1, 2* | 10 | 14 | 12 | 6 | 8 |
| Starfsnámskeið/gagnfræðapróf *ISCED 1,2+* | 16 | 14 | 12 | 21 | 20 |
| Framhaldsskólamenntun *ISCED 3* | 31 | 39 | 31 | 26 | 26 |
| Sérskólamenntun *ISCED 5* | 22 | 11 | 23 | 26 | 32 |
| Háskólamenntun *ISCED 6, 7* | 20 | 21 | 22 | 22 | 14 |

**Skýringar** *Notes:* Byggt á vinnumarkaðsrannsóknum Hagstofu Íslands. Menntun á við hæstu prófgráðu þátttakenda. *Based on Labour Force Surveys. Education refers to highest educational level attained.*

## Skólastjórnendur og kennarar

*Karlar í meirihluta skólastjórnenda*

Skipting skólastjórnenda og kennara eftir kyni er mjög breytileg eftir skólastigi. Leikskólar hafa þá sérstöðu að þar eru skólastjórnendur og kennarar að langmestu leyti konur. Tveir karlar voru leikskólastjórar árið 2003 samanborið við 270 konur og karlar voru 4% af rúmlega 2.900 leikskólakennurum. Hlutfall kvenna sem skólastjórnenda fer lækkandi með hækkandi skólastigi. Konur voru 43% skólastjóra á grunnskólastigi, 19% skólameistara á framhaldsskólastigi og 18% rektora á háskólastigi árið 2003. Hlutfall kvenna var hærra í hópi stjórnenda á kennslusviði.

*Hlutfall kvenna meðal kennara lækkar með hækkandi skólastigi*

Þegar kemur að kennurum er mynstrið það sama, lækkandi hlutfall kvenna með hækkandi skólastigi. Konur voru 79% kennara á grunnskólastigi, 50% kennara á framhaldsskólastigi og 35% á háskólastigi ef eingöngu er litið til prófessora, dósenta og lektora. Þær voru hins vegar 49% annarra kennara á háskólastigi en þar eru stundakennarar stærsti hópurinn. Aðeins 32 konur voru prófessorar samanborið við 165 karla eða 16%.

**Mynd 31. Skólastjórar, skólameistarar og rektorar 2003**
*Figure 31. Headmasters, principals and presidents 2003*




**Mynd 32. Kennarar eftir skólastigi 2003**
*Figure 32. Teachers by education level 2003*



**Tafla 31. Skólastjórnendur og kennarar eftir skólastigi 2003**
*Table 31. School administrators and teachers by school level 2003*

| | Fjöldi *Number* | | Hlutföll, % *Percentage* | |
|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| **Leikskólastig** ***Pre-primary schools*** | **3.930** | **122** | **97** | **3** |
| Leikskólastjórar *Headmasters* | 270 | 2 | 99 | 1 |
| Aðstoðarleikskólastjórar *Assistant headmastes* | 202 | 1 | 100 | 1 |
| Deildarstjórar *Heads of department* | 642 | 11 | 98 | 2 |
| Leikskólakennarar og aðrir starfsm. við uppeldi og menntun *Preschool teachers and others working in educ./child-care* | 2.816 | 108 | 96 | 4 |
| **Grunnskólastig** ***Compulsory education*** | **7.105** | **2.051** | **78** | **22** |
| Skólastjórar *Headmasters/-mistr.* | 82 | 107 | 43 | 57 |
| Aðstoðarskólastjórar *Ass. headmasters/-mistr.* | 87 | 54 | 62 | 38 |
| Kennarar *Teachers* | 3.468 | 945 | 79 | 21 |
| Kennarar með réttindi *Licenced teachers* | 2.839 | 706 | 80 | 20 |
| Kennarar án réttinda *Unlicenced teachers* | 629 | 239 | 72 | 28 |
| **Framhaldsskólastig** ***Upper secondary level*** | **806** | **888** | **48** | **52** |
| Skólameistarar *Principals* | 7 | 29 | 19 | 81 |
| Aðstoðarskólameistarar *Assistant principals* | 7 | 22 | 24 | 76 |
| Stjórnendur á kennslusviði *Directors of studies* | 143 | 179 | 44 | 56 |
| Kennarar framhaldsskóla *Teachers* | 649 | 658 | 50 | 50 |
| **Háskólastig** ***Tertiary level*** | **752** | **974** | **44** | **56** |
| Rektor *Presidents* | 2 | 9 | 18 | 82 |
| Aðstoðarmaður rektors *Assistant presidents* | 5 | 2 | 71 | 29 |
| Stjórnendur á kennslusviði *Directors of studies* | 33 | 37 | 47 | 53 |
| Prófessor *Professors* | 32 | 165 | 16 | 84 |
| Dósent *Associate professors* | 56 | 122 | 31 | 69 |
| Lektor *Lecturers* | 131 | 126 | 51 | 49 |
| Aðrir kennarar (þ.m.t. stundakennarar) *Other teachers at tertiary level* | 493 | 513 | 49 | 51 |

## Starfandi fólk í vísindum

*Fleiri karlar en konur starfandi í vísindum*

Rannsóknamiðstöð Íslands (áður Rannsóknaráð Íslands) gerir könnun annað hvert ár á mannafla og fjármagni í rannsóknum og þróun hér á landi. Samkvæmt nýjustu tölum sem eru fyrir árið 2001 unnu rúmlega fimm þúsund manns við rannsóknir og þróun, voru konur 40% en karlar 60%. Fjöldi ársverka var tæplega þrjú þúsund og kynjaskiptingin svipuð, konur 39%, og karlar 61%. Stærsti hópurinn eru sérfræðingar, þá tæknilegt aðstoðarfólk og loks annað starfsfólk. Hlutfall kvenna var 35% meðal sérfræðinga, 45% tæknilegs aðstoðarfólks og 52% annarra.

**Tafla 32. Starfandi fólk við rannsóknir og þróun eftir starfsstétt 2001**
*Table 32. Employed persons in research and development (R&D) by occupation 2001*

| | Fjöldi *Number* | | Ársverk *Man-years* | |
|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| **Fjöldi alls *Total number*** | **2.084** | **3.158** | **1.128** | **1.790** |
| Sérfræðingar *Researchers* | 1.126 | 2.117 | 641 | 1.228 |
| Tæknilegt aðstoðarfólk *Technicians* | 532 | 644 | 257 | 330 |
| Annað starfsfólk *Other* | 426 | 397 | 230 | 232 |
| **Hlutfallstölur, %** | | | | |
| **Alls *Total*** | **40** | **60** | **39** | **61** |
| Sérfræðingar *Researchers* | 35 | 65 | 34 | 66 |
| Tæknilegt aðstoðarfólk *Technicians* | 45 | 55 | 44 | 56 |
| Annað starfsfólk *Other* | 52 | 48 | 50 | 50 |

**Heimild** *Source:* Könnun á rannsókn og þróun 2001. Rannsóknamiðstöð Íslands. *Research and Development Surrvey 2001. Icelandic Research Centre.*

## Tölvu- og internetnotkun

*Tölvu- og internetnotkun svipuð hjá konum og körlum*

Samkvæmt rannsókn Hagstofunnar á notkun heimila og einstaklinga á tæknibúnaði og interneti í febrúar 2004 höfðu 84% kvenna og 86% karla notað tölvu undangengna þrjá mánuði og 81% kvenna og 84% karla höfðu notað internetið. Sé litið til aldurs fólksins þá var notkunin um eða yfir 97% hjá 16–24 ára bæði hvað tölvur og internet snerti, heldur minni eða rétt innan við 90% hjá 25–54 ára en allmiklu minni notkun kom fram hjá 55–74 ára og það er fyrst hjá þeim aldurshópi sem greina má kynjamun svo nokkru nemi. Helmingur kvenna á þessum aldri og 65% karla notuðu tölvur og 44% kvenna og 60% karla notuðu internetið.

**Tafla 33. Tölvu- og internetnotkun einstaklinga eftir aldri 2004**
*Table 33. Individuals' use of a computer and the Internet by age 2004*

| | Tölvunotkun *Use of a computer* | | Internetnotkun *Use of the Internet* | |
|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| **Alls *Total*** | **84** | **86** | **81** | **84** |
| 16–24 ára *years* | 99 | 97 | 97 | 97 |
| 25–54 ára *years* | 90 | 89 | 88 | 87 |
| 55–74 ára *years* | 50 | 65 | 44 | 60 |

**Skýring** *Note:* Upplýsingar eru fengnar úr rannsókn Hagstofunnar um notkun heimila og einstaklinga á tæknibúnaði og interneti frá febrúar 2004. Viðmiðunartími tölvu- og internetnotkunar er þrír mánuðir fyrir framkvæmd könnunar. *The information is based on a survey conducted by Statistics Iceland on the use of ICT and the Internet by households and individuals 2004. Reference time is three months prior to the survey.*

## Atvinna

Vinnumarkaðsrannsóknir Hagstofu Íslands hófust árið 1991. Lengst af voru gerðar tvær kannanir á ári en frá og með árinu 2003 varð rannsóknin samfelld þ.e. nær til allra vikna ársins. Vegna breytinga á tilhögun vinnumarkaðsrannsóknanna eru skil sett í tímaraðir milli áranna 2002 og 2003. Í nokkrum tilvika eru nýjustu tölur sem fyrir liggja frá árinu 2002. Efnið í kaflanum spannar atvinnuþátttöku, og atvinnuleysi, atvinnustétt, starfandi fólk eftir atvinnugreinum og starfsstéttum, starfshlutfalli og vinnutíma.

### Atvinnuþátttaka

*Atvinnuþátttaka kvenna úr 34% 1960 í 78% 2002*

Á sama tíma og atvinnuþátttaka karla hefur verið nokkuð stöðug undanfarna áratugi eða um 90% hefur atvinnuþátttaka kvenna tekið miklum breytingum sbr. mynd 33 sem nær yfir tímabilið 1920–2003. Upplýsingarnar fyrir 1991 eru úr Hagskinnu og byggðar á mismunandi heimildum m.a. manntölum. Tölurnar eru ekki algjörlega sambærilegar en gefa vísbendingar um þróunina. Árið 1920 var atvinnuþátttaka kvenna 35%. Stóra stökkið í atvinnuþátttöku þeirra varð síðan á milli 1960 og 1980 en á því tímabili má heita að atvinnuþátttaka kvenna hafi tvöfaldast, fór úr 34% árið 1960 í 65% 1981. Hún hélt áfram að aukast og var komin í 75% árið 1991 og í 78% árið 2003. Það ár var atvinnuþátttaka karla 86%.

**Mynd 33. Atvinnuþátttaka 1920–2003**
*Figure 33. Labour force participation rates 1920–2003*




Upplýsingar vantar um atvinnuþátttöku karla árið 1971. *Information is missing for activity rate of men in 1971.*

*Áhrif hjúskaparstöðu á atvinnuþátttöku*

Atvinnuþátttaka ókvæntra karla hefur jafnan verið minni en kvæntra karla. Öðru máli gegnir um konur því lengst af á tímabilinu 1920–2002 var atvinnuþátttaka ógiftra kvenna mun meiri en þeirra giftu. Breyting varð í byrjun tíunda áratugarins en þá var atvinnuþátttaka giftra kvenna hærri en ógiftra og sama má segja árið 2002.

**Tafla 34. Atvinnuþátttaka eftir hjúskaparstétt 1920–2003**
*Table 34. Labour force participation rates by marital status 1920–2003*

| Hlutföll, % *Percentage* | Alls *Total* | | Ógiftar/ókvæntir *Unmarried* | | Giftar/kvæntir *Married* | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| 1920 | 35 | 92 | 57 | 89 | 6 | 95 |
| 1930 | 39 | 93 | 65 | 93 | 5 | 94 |
| 1940 | 36 | 90 | 58 | 87 | 7 | 95 |
| 1950 | 35 | 90 | 60 | 86 | 19 | 94 |
| 1960 | 34 | 87 | 54 | 79 | 19 | 93 |
| 1971 | 51 | … | 62 | … | 42 | … |
| 1981 | 65 | 87 | 67 | 80 | 64 | 92 |
| 1991 | 75 | 87 | 67 | 74 | 79 | 94 |
| 2001 | 79 | 88 | 80 | 80 | 79 | 91 |
| 2002 | 78 | 87 | 75 | 77 | 82 | 91 |
| 2003 | 78 | 87 | … | … | … | … |

**Skýringar** *Notes:* 1920–1950 fólk á vinnumarkaði; 1960 fólk á vinnumarkaði 15 ára og eldra, sem vinnur þriðjung úr ári eða meira. 1971–1981: fólk 15–74 ára, sem vinnur meira en fjórðung úr ári. 1991 og síðar fólk 16–74 ára, sem vinnur a.m.k. eina klst. eða lengur í viðmiðunarviku í vinnumarkaðsrannsókn. *1920–1950: Employed people; 1960: People 15 years and over employed for more than a third of the year. 1971–1981: People aged 15–74 employed for more than one quarter of a year. 1991 and later: people aged 16–74 working at least one hour in the reference week of the labour market survey.*

Samanlagt vinnuafl kvenna og karla árið 2003 var rúmlega 162 þúsund manns þar af voru konur 47% og karlar 53%.

**Tafla 35. Atvinnuþátttaka og vinnuafl 1991–2003**
*Table 35. Labour force participation and labour force 1991–2003*

| | Atvinnuþátttaka, % *Labour force part. rate* | | Áætlað vinnuafl *Estimated labour force*: Fjöldi *Number* | | Áætlað vinnuafl *Estimated labour force*: Hlutfallsleg skipting, % | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| 1991–1995 | 76 | 87 | 67.000 | 77.500 | 46 | 54 |
| 1996–2000 | 78 | 87 | 71.300 | 81.500 | 47 | 53 |
| 2001 | 79 | 88 | 75.900 | 86.800 | 47 | 53 |
| 2002 | 78 | 87 | 76.000 | 86.000 | 47 | 53 |
| 2003 | 78 | 86 | 76.900 | 85.500 | 47 | 53 |

*76% kvenna og 83% karla starfandi*

Vinnuaflið nær til starfandi fólks og atvinnulausra. Hlutfall starfandi kvenna var 76% árið 2003 og hafði hækkað úr 73% tímabilið 1991–1995. Sambærilegt hlutfall karla var 83% árið 2003 og einnig tímabilið 1991–1995.

**Tafla 36. Hlutfall og fjöldi starfandi 1991–2003**
*Table 36. Percentage and number of employed persons 1991–2003*

| | Hlutfall starfandi af 16–74 ára *Percent empl. of 16–74 years* | | Starfandi fólk *Employed people* Áætl. fjöldi *Estim. number* | | Hlutfalleg skipting, % | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| 1991–1995 | 73 | 83 | 63.700 | 74.200 | 46 | 54 |
| 1996–2000 | 75 | 85 | 68.900 | 79.500 | 46 | 54 |
| 2001 | 77 | 86 | 74.000 | 85.000 | 47 | 53 |
| 2002 | 76 | 84 | 73.800 | 83.000 | 47 | 53 |
| 2003 | 76 | 83 | 74.600 | 82.400 | 48 | 52 |

*Atvinnuþátttaka kvenna allt að 9o% en karla 97%*

Árið 2003 var atvinnuþátttaka kynja svipuð á aldrinum 16–24 ára eða 73% hjá konum og 76% hjá körlum. Atvinnuþátttaka kvenna var mest á aldrinum 35–54 ára eða 90% og karla á aldrinum 25–54 ára, 94–97%. Sé árið 1993 haft til samanburðar kemur fram að atvinnuþátttaka þeirra yngstu hefur aukist á sama tíma og atvinnuþátttaka þeirra elstu hefur dregist saman bæði hjá konum og körlum.

**Mynd 34. Atvinnuþátttaka eftir aldri 2003**
*Figure 34. Labour force participation by age groups 2003*




*Atvinnuþátttaka 25–64 ára mest hjá háskólamenntuðum*

Árið 2002 var atvinnuþátttaka meðal 25–64 ára kvenna 88% og karla 96%. Hún var hæst meðal háskólamenntaðra á vinnumarkaði hjá báðum kynjum, eða 96% hjá konum og 99% hjá körlum. Lægst var atvinnuþátttakan hjá þeim sem voru með grunnmenntun eða 81% hjá konum og 93% hjá körlum.

**Tafla 37. Atvinnuþátttaka 25–64 ára eftir menntun 2002**
*Table 37. Labour force participation of 25–64 years old by education level 2002*

| Hlutfallstölur, % *Percentage* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
|---|---|---|
| **Alls *Total*** | **88** | **96** |
| Grunnmenntun *ISCED 1, 2* | 81 | 93 |
| Starfsnámskeið/gagnfræðapróf *ISCED 1,2+* | 90 | 96 |
| Framhaldsskólamenntun *ISCED 3* | 87 | 94 |
| Sérskólamenntun *ISCED 5* | 91 | 97 |
| Háskólamenntun *ISCED 6, 7* | 96 | 99 |

*Fjórðungur starfandi karla eru sjálfstætt starfandi en 9 % kvenna*

Skipting starfandi eftir atvinnustétt í launþega, sjálfstætt starfandi og ólaunað skyldulið er mjög ólík hjá konum og körlum. Árið 2002 voru 91% kvenna samanborið við 76% karla launþegar. Hlutfall karla sem voru sjálfstætt starfandi var 23% eða 19.300 karlar en tæp 9% kvenna eða 6.300 tilheyrðu þeim hópi.

**Tafla 38. Starfandi fólk eftir atvinnustétt 2002**
*Table 38. Employed persons by status in employment 2002*

| | Fjöldi *Number* | | Hlutf. skipting, % | | Hlutföll % | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| **Alls *Total*** | **73.800** | **83.000** | **100,0** | **100,0** | **47** | **53** |
| Launþegar *Employees* | 67.300 | 63.400 | 91,3 | 76,4 | 51 | 49 |
| Sjálfstætt starfandi *Self-employed* | 6.300 | 19.300 | 8,5 | 23,3 | 25 | 75 |
| Ólaunað skyldulið *Unpaid family workers* | 200* | 200* | 0,2* | 0,3* | 50 | 50 |

*Frávikshlutfall yfir 20%. *Relative standard error exceeds 20%.*

## Atvinnuleysi

*Meira atvinnuleysi meðal kvenna en karla á tíunda áratugnum en nú meira meðal karla*

Á tímabilinu frá 1991–2001 var atvinnuleysi meira meðal kvenna en karla en árið 2002 snérist dæmið við. Árið 2003 var atvinnuleysi kvenna 3,1% og karla 3,6% og eru þær tölur nokkuð lægri en tímabilið 1991–95 einkum hjá konum þegar 4,8% kvenna og 4,2% karla voru atvinnulaus.

**Mynd 35. Atvinnuleysi 1991–2003**
*Figure 35. Unemployment 1991–2003*



**Tafla 39. Atvinnuleysi 1991–2003**
*Table 39. Unemployment 1991–2003*

| | Hlutfall af vinnuafli, % *Percentage of labour force* | | Áætlaður fjöldi *Estimated number* | |
|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| 1991–1995 | 4,8 | 4,2 | 3.200 | 3.300 |
| 1996–2000 | 3,5 | 2,4 | 2.500 | 2.000 |
| 2001 | 2,5 | 2,0 | 1.900 | 1.800 |
| 2002 | 2,9 | 3,6 | 2.200 | 3.100 |
| 2003 | 3,1 | 3,6 | 2.400 | 3.100 |

*Atvinnuleysi mest hjá ungu fólki*

Atvinnuleysi var hlutfallslega mest hjá þeim yngstu á vinnumarkaðinum árið 2003. Atvinnuleysi karla 16–24 ára var 9,4% en kvenna á sama aldri 7,0%. Þá var atvinnuleysi 4–5% hjá báðum kynjum 25–34 ára en minna hjá eldra fólki.

**Mynd 36. Atvinnuleysi eftir aldri 2003**
*Figure 36. Unemployment rates by age 2003*




*Atvinnuleysi mismunandi eftir menntun*

Atvinnuleysi árið 2002 var mismikið eftir menntun einstaklinga. Það var mest hjá þeim sem voru með minnsta menntun. Atvinnuleysi karla með grunnmenntun var 9,6% og kvenna 4,6%. Atvinnuleysið var minnst hjá þeim sem voru með háskólamenntun, heldur hærra hjá konum en körlum.

## Kynskiptur vinnumarkaður

*87% kvenna starfa við þjónustu*

Vinnumarkaðurinn er enn kynskiptur. Þetta kemur fram þegar skipting kynja eftir atvinnugreinum og starfsstéttum er skoðuð. Árið 2003 unnu 3% starfandi kvenna og 10% karla við landbúnað og fiskveiðar, 11% kvenna og 32% karla störfuðu í iðnaði en meginþorri kvenna eða 87% störfuðu við þjónustu samanborið við 58% karla. Undir iðnað fellur m.a. fiskvinnsla þar sem jafnstór hluti starfandi kvenna og karla vann. Innan þjónustugreina er heilbrigðis- og félagsþjónusta þar sem yfir fjórðungur kvenna á vinnumarkaði starfaði árið 2003 samanborið við 4% starfandi karla. Þá unnu 11% kvenna og 5% karla við fræðslustarfsemi.

## Tafla 40. Starfandi fólk eftir atvinnugreinum 2003
*Table 40. Employed persons by economic activity 2003*

| | Konur *Women* | | Karlar *Men* | |
|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi *Number* | % | Fjöldi Number | % |
| **Alls *Total*** | **74.600** | **100,0** | **82.400** | **100,0** |
| **Landbúnaður og fiskveiðar *Agriculture and fishing*** | **2.300** | **3,1** | **8.500** | **10,3** |
| Landbúnaður *Agriculture* | 1.900 | 2,5 | 3.800 | 4,6 |
| Fiskveiðar *Fishing* | 400 | 0,5* | 4.700 | 5,7 |
| **Iðngreinar *Industry*** | **7.800** | **10,5** | **26.400** | **32,0** |
| Fiskvinnsla *Fish processing* | 2.600 | 3,5 | 2.800 | 3,4 |
| Annar iðnaður *Manufacturing except fish processing* | 4.500 | 6,0 | 11.800 | 14,3 |
| Veitustarfsemi *Electricity & water supply* | 300 | 0,4* | 1.300 | 1,6 |
| Mannvirkjagerð *Construction* | 400 | 0,5* | 10.400 | 12,6 |
| **Þjónustugreinar *Services*** | **64.500** | **86,5** | **47.500** | **57,6** |
| Verslun og viðgerðaþjónusta *Wholesale, retail trade, repairs* | 9.200 | 12,3 | 11.300 | 13,7 |
| Hótel- og veitingahúsarekstur *Hotels, restaurants* | 3.200 | 4,3 | 2.300 | 2,8 |
| Samgöngur og flutningar *Transport, communication* | 3.500 | 4,7 | 6.200 | 7,5 |
| Fjármálaþjónusta *Financial intermediation* | 4.300 | 5,8 | 1.900 | 2,3 |
| Fasteigna- og viðskiptaþjónusta *Real estate and business activities* | 5.500 | 7,4 | 8.800 | 10,7 |
| Opinber stjórnsýsla *Public administration* | 4.200 | 5,6 | 4.000 | 4,9 |
| Fræðslustarfsemi *Education* | 8.100 | 10,9 | 4.000 | 4,9 |
| Heilbrigðis- og félagsþj. *Health services, social work* | 21.300 | 28,6 | 3.500 | 4,2 |
| Önnur þjónusta og ótilgr. *Other services and n.s.* | 5.200 | 7,0 | 5.400 | 6,6 |

*Frávikshlutfall yfir 20%. *Relative standard error exceeds 20%.*

## Mynd 37. Hlutfallsleg skipting kynja innan atvinnugreina 2003
*Figure 37. Percent distribution by sex within economic activity 2003*




*Translation: see table 40.*

Kynjaskipting starfandi fólks innan atvinnugreina undirstrikar enn frekar kynskiptan vinnumarkaðinn eins og sjá má í mynd 37 þar sem atvinnugreinum hefur verið raðað eftir hlutfallslegri skiptingu kynja innan greinanna. Í nokkrum atvinnugreinum er hlutfall kvenna og karla nokkuð svipað, eins og í opinberri stjórnsýslu, fiskvinnslu, verslun og viðgerðarþjónustu. Í greinum eins og heilbrigðis- og félagsþjónustu, fjármálaþjónustu og fræðslustarfsemi eru konur í miklum meirihluta en í öðrum greinum eins og í mannvirkjagerð, fiskveiðum og veitustarfsemi snýst dæmið við.

*27% starfandi kvenna í þjónustu- og verslunarstörfum*

Störf eru flokkuð í níu megin starfsstéttir (ISTARF95). Töluverður munur er á dreifingu starfandi kvenna og karla eftir stéttum. Árið 2003 voru 27% starfandi kvenna í þjónustu- og verslunarstörfum, 19% voru sérfræðingar, 16% sérmenntað starfsfólk og 16% í flokki skrifstofufólks. Á hinn bóginn var stærsti hluti karla, 23% í hópi sérhæfðs iðnaðarstarfsfólks, 15% voru sérfræðingar og 13% voru í þjónustu- og verslunarstörfum. Þá voru 8% karla og 5% kvenna stjórnendur og embættismenn.

**Tafla 41. Starfandi fólk eftir starfsstétt 2003**
*Table 41. Employed persons by occupation 2003*

| | Fjöldi *Number* | | Hlutf. skipting, % | |
|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| **Alls *Total*** | **74.600** | **82.400** | **100** | **100** |
| Stjórnendur og embættismenn *Senior officials and managers* | 3.500 | 7.000 | 5 | 8 |
| Sérfræðingar *Professionals* | 14.300 | 12.600 | 19 | 15 |
| Sérmenntað starfsfólk *Associate professionals* | 12.000 | 9.500 | 16 | 12 |
| Skrifstofufólk *Clerks* | 11.700 | 1.800 | 16 | 2 |
| Þjónustu- og verslunarfólk *Service and sales workers* | 20.500 | 11.100 | 27 | 13 |
| Bændur og fiskimenn *Agricultural and fishery workers* | 1.600 | 6.300 | 2 | 8 |
| Sérhæft iðnaðarstarfsf. *Craft and related trades workers* | 3.000 | 19.100 | 4 | 23 |
| Véla- og vélgæslufólk *Plant and machine operators* | 400 | 7.800 | 1 | 9 |
| Ósérhæft starfsfólk *Elementary occupations* | 7.500 | 7.200 | 10 | 9 |

*Kvennastéttir og karlastéttir*

Mynd 38 sýnir hlutfallslega skiptingu kynja innan starfsstétta árið 2003, raðað eftir hlutfalli kvenna. Segja mé að skrifstofufólk sé kvennastétt (87%) og véla- og vélgæslufólk (95%) svo og sérhæft iðnaðarstarfsfólk (86%) karlastéttir. Konur eru fjölmennari en karlar í störfum þjónustu- og verslunarfólks (65%) en karlar eru hins vegar í meirihluta meðal bænda og fiskimanna (80%) og stjórnenda og embættismanna (67%). Jafnari kynjaskipting er meðal sérfræðinga, sérmenntaðra og ósérhæfðs starfsfólks.

**Mynd 38. Hlutfallsleg skipting kynja innan starfsstétta 2003**
*Figure 38. Percent distribution by sex within occupations 2003*




*Translation: see table 41.*

## Starfshlutfall og vinnutími

*Konum í fullu starfi fjölgar*

Konum í fullu starfi á vinnumarkaðnum fer fjölgandi. Hlutfall þeirra af starfandi konum hækkaði úr 52% tímabilið 1991–1995 í 63% árið 2003. Um leið lækkaði hlutfall þeirra sem voru í hlutastarfi úr 48% í 37%. Þorri karla hefur jafnan verið í fullu starfi eða 88–90% á árunum 1991–2003.

**Tafla 42. Starfandi fólk eftir starfshlutfalli 1991–2003**
*Table 42. Employed persons by full-time/part-time employment 1991–2003*

| Hlutföll, % | Fullt starf *Full-time* | | | Hlutastarf *Part-time* | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Percentage* | Alls *Total* | Konur *Women* | Karlar *Men* | Alls *Total* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| 1991–1995 | 72 | 52 | 90 | 28 | 48 | 10 |
| 1996–2000 | 73 | 54 | 89 | 27 | 46 | 11 |
| 2001 | 74 | 57 | 88 | 26 | 43 | 12 |
| 2002 | 74 | 58 | 88 | 26 | 42 | 12 |
| 2003 | 77 | 63 | 90 | 23 | 37 | 10 |

**Skýringar** *Notes:* Fullt starf: unnið að jafnaði í 35 klst. eða meira á viku; hlutastarf: unnið í 1–34 klst. á viku að jafnaði. *Full-time work: 35 hours or more per week; part-time work: 1–34 hours per week.*

*Meðalvinnutími karla lengri en kvenna*

Vinnutími karla á vinnumarkaði er lengri en kvenna. Árið 2003 unnu karlar alls 47 stundir á viku að meðaltali en konur 36 stundir. Hefur vinnustundum kvenna fjölgað um tvær en karla fækkað um þrjár frá 1991–1995. Konur í fullu starfi unnu að meðaltali í 43 stundir árið 2003 og karlar í 49 stundir.

**Tafla 43. Meðalfjöldi vinnustunda eftir starfshlutfalli 1991–2003**
*Table 43. Average actual hours worked by full-time/part-time employment 1991–2003*

| Klst. *Hours* | Alls *Total* | | Full starf *Full-time* | | Hlutastarf *Part-time* | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| 1991–1995 | 34 | 50 | 44 | 53 | 23 | 23 |
| 1996–2000 | 35 | 50 | 44 | 54 | 24 | 22 |
| 2001 | 36 | 50 | 44 | 53 | 24 | 23 |
| 2002 | 36 | 49 | 45 | 52 | 24 | 22 |
| 2003 | 36 | 47 | 43 | 49 | 24 | 23 |

**Skýringar** *Notes:* Þeir sem unnu a.m.k. eina klst. í viðmiðunarviku. Vinnustundir ná til vinnustunda bæði í aðal- og aukastarfi. *Only those working 1 hour or more in the reference week. Working hours refer to those both in main job and second job.*

*Fjöldi og aldur barna hefur áhrif á atvinnuþátttöku*

Atvinnuþátttaka fólks á vinnumarkaði er einna mest á aldrinum 25–54 ára eða 88% meðal kvenna og 97% meðal karla. Atvinnuþátttaka kvenna á þessum aldri ræðst að nokkru leyti af fjölda barna og aldri yngsta barns á heimili. Atvinnuþátttaka karla 25–54 ára virðist aukast eftir því sem fleiri og yngri börn eru á heimilinu.

**Tafla 44. Atvinnuþátttaka og vinnutími fólks 25–54 ára eftir fjölda og aldri barna 2002**
*Table 44. Population 25–54 years. Activity rate and hours worked by number and age of children 2002*

| | Atvinnuþátttaka, % *Activity rate, %* | | Venjulegar vinnustundir, *Usual hours worked,* Klst. á viku *Hours a week* | |
|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| **Alls *Total*** | **88** | **97** | **36** | **50** |
| Ekkert barn á heimilinu *No children in household* | 90 | 95 | 38 | 48 |
| Börn á heimili *Children in household* | 87 | 98 | 35 | 52 |
| Yngsta barn 0–6 ára *Youngest child 0–6 years* | 86 | 98 | 33 | 51 |
| Yngsta barn 7–15 ára *Youngest child 7–15 years* | 89 | 98 | 37 | 52 |
| 1 barn *child* | 90 | 97 | 37 | 52 |
| 0–6 ára *years* | 85 | 97 | 34 | 51 |
| 7–15 ára *years* | 94 | 98 | 38 | 52 |
| 2 börn eða fleiri *children or more* | 85 | 98 | 34 | 52 |
| Yngsta barn 0–6 ára *Youngest child 0–6 years* | 86 | 98 | 33 | 52 |
| Yngsta barn 7–15 ára *Youngest child 7–15 years* | 83 | 97 | 35 | 52 |

**Skýringar** *Notes:* Með börnum er átt við einstaklinga yngri en 16 ára sem búsettir eru á heimili svarenda. Ekki er endilega um eigin börn að ræða. *Children refers to individuals under the age of 16 who live in the household of the respondent. These are not necessarily the respondent´s own children.*

*Aldur og fjöldi barna hefur áhrif á vinnutíma*

Venjulegur vinnutími kvenna á aldrinum 25–54 ára var 36 stundir að meðaltali árið 2002 og minnkaði eftir því sem fleiri og yngri börn voru á heimilinu. Var vinnutíminn heldur meiri eða 38 stundir þar sem ekkert barn var til staðar. Þessu er öfugt farið hjá körlum. Venjulegur vinnutími hjá 25–54 ára körlum var í heild 50 stundir, 52 stundir ef börn voru á heimili en 48 stundir ef ekkert barn var á heimili.

## Laun og tekjur

Í kaflanum verður sýnd þróun atvinnutekna síðustu tvo áratugi og vikið sérstaklega að nýjustu tölum sem eru frá árinu 2003 og þær skoðaðar með tilliti til aldurs, atvinnugreina og landsvæða. Þá er greint frá tölum Kjararannsóknarnefndar um laun á hinum almenna vinnumarkaði eftir starfsstéttum árið 2003 og einnig frá tölum Kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna um launaþróun starfsmanna í BSRB og BHM hjá ríkinu svo og framhaldsskólakennara síðustu árin. Loks er fjallað um bótaþega og viðtakendur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga.

### Atvinnutekjur

*Stórt bil milli atvinnutekna kvenna og karla*

Hægt hefur miðað síðustu tvo áratugi í að brúa bilið í atvinnutekjum kvenna og karla. Árið 1980 voru atvinnutekjur kvenna 47% af atvinnutekjum karla en árið 2003 var hlutfallið komið í 61 af hundraði. Sé eingöngu litið til giftra kvenna og kvæntra karla var sambærilegt hlutfall 38% árið 1980 og 52% 2003. Þessar tölur eru byggðar á framtöldum tekjum einstaklinga til skatts og eiga við meðal-launatekjur, ökutækjastyrk og dagpeninga nettó viðkomandi ár. Ekki er tekið tillit til vinnutíma í þessum tölum.

**Mynd 39. Atvinnutekjur kvenna sem hlutfall af atvinnutekjum karla 1980–2003**
*Figure 39. Women's income from employment as percentage of men's income 1980–2003*




*Ný gögn um tekjur einstaklinga*

Önnur sambærileg gögn um tekjur eru nú einnig fyrir hendi en það eru upplýsingar frá ríkisskattstjóra um staðgreiðsluskyld laun. Hagstofa Íslands vinnur talnaefni um meðalatvinnutekjur á grundvelli þeirra og hefur birt niðurstöður fyrir árin 1998–2003. Með atvinnutekjum er hér átt við skattskyldar launagreiðslur fyrir vinnu-framlag í aðalstarfi auk staðgreiðsluskyldra dagpeninga og ökutækjastyrks. Meðal-atvinnutekjur má túlka sem meðalárslaun í aðalstarfi ef unnið er alla tólf mánuði ársins. Meðalatvinnutekjur eru óháðar vinnutíma í mánuði og því er ekki um ársverk að ræða.

Árið 2003 voru atvinnutekjur starfandi kvenna 1.993 þúsund krónur en karla 3.235 þúsund krónur og tekjur kvenna því tæp 62% af tekjum karla.

**Tafla 45. Atvinnutekjur 1998–2003**
*Table 45. Income from employment 1998–2003*

| | Þúsundir kr. á ári *Thous. ISK a year* | | Atvinnutekjur kvenna sem hlutfall af atvinnutekjum karla *Women's average income as percentage of men's income* |
|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | |
| 1998 | 1.290 | 2.276 | 57 |
| 1999 | 1.419 | 2.444 | 58 |
| 2000 | 1.553 | 2.645 | 59 |
| 2001 | 1.739 | 2.920 | 60 |
| 2002 | 1.883 | 3.121 | 60 |
| 2003 | 1.993 | 3.235 | 62 |

**Skýringar** *Notes:* Byggt er á upplýsingum frá ríkisskattstjóra um staðgreiðsluskyld laun. Atvinnutekjur eru beinar skattskyldar launagreiðslur fyrir vinnuframlag í aðalstarfi auk staðgreiðsluskyldra dagpeninga og ökutækjastyrks. Meðalatvinnutekjur er summa árstekna fyrir aðalstarf í hverri atvinnugrein deilt með meðalfjölda starfandi. Þetta má túlka sem meðalárslaun í aðalstarfi ef unnið er alla tólf mánuði ársins. Meðalatvinnutekjur eru óháðar vinnutíma í mánuði og því er ekki um ársverk að ræða. Starfandi fólk eru launþegar og sjálfstætt starfandi fólk. Enginn sem er yngri en 12 ára í árslok telst hafa atvinnutekjur. *Based on "pay as you earn" data from the Internal Revenue Directorate. Income from employment refer here to taxable earnings for employment in main job as well as taxable allowances in relation to travel cost. Average income from employment is the sum of annual income for main job in each industry devided by average number of employed persons. This can be interpreted as average annual income in main job if worked during all the twelve months of the year. Average income from employment is independent of hours worked each month hence the figures do not reflect man-years. Employed persons are employees and self-employed. Noone under age of 12 years is considered having income of employment.*

*Atvinnutekjur hæstar á miðjum aldri*

Atvinnutekjur eru breytilegar eftir aldri eins og fram kemur í mynd 40 og er mynstrið hið sama hjá konum og körlum. Tekjur fara hækkandi fram að miðjum aldri, þegar þær eru hæstar en lækka síðan smám saman með hækkandi aldri. Tekjur eru hæstar hjá konum á aldrinum 45–49 ára og hjá körlum 40–49 ára. Tekjur kvenna sem hlutfall af tekjum karla er hæst hjá þeim yngstu og elstu þar sem tekjur eru lægstar. Um miðjan aldur er hlutfallið á bilinu 58–62% af tekjum karla.

**Mynd 40. Atvinnutekjur eftir aldri 2003**
*Figure 40. Income from employment by age 2003*



*Atvinnutekjur kvenna og karla hæstar í fjármálastarfsemi en tekjur karla helmingi hærri en kvenna*

Atvinnutekjur eru einnig breytilegar eftir atvinnugreinum. Í öllum greinum eru atvinnutekjur kvenna lægri en karla. Hæstum tekjum ná bæði konur og karlar í fjármálastarfsemi þar sem tekjur karla voru 5,6 milljónir en kvenna helmingi lægri eða 2,8 milljónir króna. Í öðru sæti hjá konum voru tekjur í veitustarfsemi en í fiskveiðum hjá körlum. Tekjur voru lægstar í landbúnaði 1,1 milljón króna hjá konum og tæp 1, 4 milljónir hjá körlum en einmitt í þeirri atvinnugrein náðu konur hæstu hlutfalli af tekjum karla, 84%. Í heildina voru konur með 62% af tekjum karla. Þær atvinnugreinar þar sem tekjur kvenna náðu því hlutfalli voru auk landbúnaðar, mannvirkjagerð (70%), hótel- og veitingahúsarekstur (75%), samgöngur og flutningar (68%) og fræðslustarfsemi (70%). Vert er að nefna að í heilbrigðis- og félagsþjónustu þar sem fjórðungur kvenna starfar voru tekjur þeirra 55% af tekjum karla. Í opinberri stjórnsýslu þar sem svipaður fjöldi og hlutfall starfandi kvenna og karla vinna voru tekjur kvenna 59% af tekjum karla.

**Mynd 41. Atvinnutekjur eftir atvinnugreinum 2003**
*Figure 41. Income from employment by economic ativity 2003*




*Translation: see table 46.*

**Tafla 46. Atvinnutekjur eftir atvinnugreinum 2003**
*Table 46. Income from employment by industry 2003*

| Þúsundir kr. *Thous. ISK* | Konur *Women* | Karlar *Men* | Tekjur kvenna sem hlutf. af tekjum karla *Women´s income as percentage of men's income* |
|---|---|---|---|
| **Alls *Total*** | **1.993** | **3.235** | **62** |
| **Frumvinnslugreinar alls *Agriculture and fishing*** | **1.334** | **3.522** | **38** |
| Landbúnaður *Agriculture* | 1.137 | 1.354 | 84 |
| Fiskveiðar *Fishing* | 1.707 | 4.851 | 35 |
| **Iðngreinar alls *Industry*** | **1.768** | **2.989** | **59** |
| Fiskvinnsla *Fish processing* | 1.661 | 3.242 | 51 |
| Annar iðnaður *Manuf. except fish processing* | 1.739 | 2.928 | 59 |
| Veitustarfsemi *Electricity and water supply* | 2.588 | 4.569 | 57 |
| Mannvirkjagerð *Construction* | 1.975 | 2.817 | 70 |
| **Þjónustugreinar alls *Services*** | **2.044** | **3.325** | **61** |
| Verslun og viðgerðaþjónusta *Whole sale, retail trade, repairs* | 1.663 | 2.878 | 58 |
| Hótel- og veitingahúsarekstur *Hotels, restaurants* | 1.373 | 1.827 | 75 |
| Samgöngur og flutningar *Transport, communication* | 2.235 | 3.287 | 68 |
| Fjármálaþjónusta *Financial intermediation* | 2.793 | 5.646 | 49 |
| Fasteigna- og viðskiptaþjónusta *Real estate and business activities* | 2.294 | 3.810 | 60 |
| Opinber stjórnsýsla *Public administration* | 2.198 | 3.700 | 59 |
| Fræðslustarfsemi *Education* | 2.427 | 3.469 | 70 |
| Heilbrigðis- og félagsþjónusta *Health serv., social work* | 2.024 | 3.665 | 55 |
| Önnur þjónusta *Other services* | 1.740 | 2.805 | 62 |

**Mynd 42. Atvinnutekjur eftir landsvæðum 2003**
*Figure 42. Income from employment by region 2003*




*Atvinnutekjur kvenna og karla hæstar á höfuðborgarsvæðinu*

Meiri breytileiki er í meðalatvinnutekjum karla en kvenna eftir landsvæðum. Höfðuborgarsvæðið sker sig úr hjá báðum kynjum með hæstar meðalatvinnutekjur. Árið 2003 voru tekjur kvenna þar 2,1 milljón og karla 3,4 milljónir. Samsvara tekjur kvenna 64% af tekjum karla sem er yfir landsmeðaltali (62%). Utan

höfuðborgarsvæðisins voru tekjur kvenna 57% af tekjum karla. Atvinnutekjur bæði kvenna og karla voru næsthæstar á Suðurnesjum, um 1,8 milljón hjá konum og 3,2 milljónir hjá körlum, og svara tekjur kvenna þar til 56% af tekjum karla. Á öðrum landsvæðum voru tekjur kvenna mjög áþekkar eða tæp 1,7 milljón. Tekjur karla voru þar frá 2,7 til 3,1 milljóna.

## Laun eftir starfsstéttum

*Gögn Kjararannsóknarnefndar*

Kjararannsóknarnefnd safnar gögnum um laun frá fyrirtækjum á almennum vinnumarkaði og birtir reglubundið tölur þar að lútandi. Meðal þess eru laun eftir starfsstéttum. Regluleg laun eru greidd laun fyrir umsaminn vinnutíma hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Þau eru umreiknuð til mánaðarlauna fyrir fullt starf, hvort sem launamaður er í fullu starfi eða hlutastarfi og fær greitt tímakaup eða mánaðarkaup. Heildarlaun eru öll laun fullvinnandi einstaklinga.

*Regluleg laun kvenna 76% af launum karla*

Árið 2003 voru regluleg mánaðarlaun karla 216 þúsund krónur en kvenna 165 þúsund eða 76% af launum karla. Heildarlaun karla voru 268 þúsund og kvenna 202 þúsund eða 75% af launum karla. Regluleg laun kvenna voru frá 127 þúsundum króna hjá verkafólki til 310 þúsunda hjá sérfræðingum. Regluleg laun karla voru einnig lægst hjá verkafólki, 153 þúsund en hins vegar hæst hjá stjórnendum, 422 þúsund. Regluleg laun kvenna sem hlutfall af launum karla voru hæst hjá iðnaðarmönnum, 90%, þá hjá verkafólki, 83%. Sambærilegt hlutfall var hins vegar lægst hjá tæknum og sérmenntuðu fólki, 65% og því næst hjá stjórnendum 68%.

*Heildarlaun kvenna 69–83% af launum karla*

Sambærilegur launamunur kemur fram þegar heildarlaun eftir starfsstétt eru skoðuð en hann minnkar í sumum tilvikum en eykst í öðrum miðað við regluleg laun. Árið 2003 voru heildarlaun kvenna frá 69% til 83% af launum karla mismunandi eftir starfsstéttum. Hlutfallið var hæst hjá sérfræðingum þar sem heildarlaun kvenna voru 83% af launum karla en lægst hjá tæknum og sérmenntuðu starfsfólki, þar sem hlutfallið var 69%.

**Mynd 43. Regluleg laun á mánuði eftir starfsstéttum 2003**
*Figure 43. Regular monthly salaries by occupation 2003*




*Translation: see table 47.*

**Heimild** *Source:* Kjararannsóknarnefnd. *Institute of Labour Market Research.*

## Mynd 44. Heildarlaun á mánuði eftir starfsstéttum 2003
*Figure 44. Total monthly salaries by occupation 2003*




*Translation: see table 47.*

**Heimild** *Source:* Kjararannsóknarnefnd. *Institute of Labour Market Research.*

## Tafla 47. Laun eftir starfsstéttum 2003
*Table 47. Earnings by occupations 2003*

| | Laun á mánuði í þúsundum kr. *Monthly earnings, thous. ISK* | | | | Laun kvenna í hlutfalli af launum karla *Women's salaries as % of men's salaries* | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Regluleg laun[1] *Reg. salaries[1]* | | Heildarlaun[2] *Total salaries[2]* | | | |
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* | Regluleg laun *Regular sal.[1]* | *Heildar-laun Total sal.[2]* |
| **Alls *Total*** | **165** | **216** | **202** | **268** | **76** | **75** |
| Stjórnendur *Managers* | 288 | 422 | 327 | 451 | 68 | 73 |
| Sérfræðingar *Professionals* | 310 | 377 | 339 | 409 | 82 | 83 |
| Tæknar og sérmenntað starfsfólk *Technicians and associate professionals* | 219 | 339 | 259 | 375 | 65 | 69 |
| Skrifstofufólk *Clerks* | 177 | 219 | 198 | 250 | 81 | 79 |
| Þjónustu- sölu- og afgreiðslufólk *Service and sales workers* | 137 | 194 | 176 | 235 | 71 | 75 |
| Iðnaðarmenn *Craft and trade workers* | 200 | 222 | 236 | 291 | 90 | 81 |
| Verkafólk *Unskilled machine and specialized workers* | 127 | 153 | 165 | 226 | 83 | 73 |

**Skýringar** *Notes*: Starfsstéttir eru flokkaðar í samræmi við Íslenska starfaflokkun, ÍSTARF95. *Occupations are classified according to ÍSTARF95, an Icelandic version of ISCO–88.*

[1] Regluleg laun eru greidd laun fyrir umsaminn vinnutíma skv. kjarasamningum, hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Regluleg laun eru umreiknuð til mánaðarlauna fyrir fullt starf, hvort sem launamaður er í fullu starfi eða hlutastarfi og fær greitt tímakaup eða mánaðarlaun. *Earnings for regular working hours including performance and cost-related payments.The data is full-time equivalent and relates to all wage earners and salaried employees whether part-time or full-time.*

[2] Heildarlaun eru öll laun fullvinnandi einstaklinga. Laun í hlutastarfi eru ekki reiknuð sem ígildi 100% starfshlutfalls. *Total salaries for full-time employed.*

**Heimild** *Source:* Kjararannsóknarnefnd. *Institute of Labour Market Research..*

Kjararannsóknarnefnd reiknar einnig út meðaltímakaup eftir starfsstéttum. Meðaltímakaup er öll laun deilt með öllum tímum. Það sýnir hvað er greitt að meðaltali fyrir hverja vinnustund. Ekki er tekið tillit til uppmælinga, óreglulegra bónusa eða

ýmissa eingreiðslna við útreikninga. Meðaltímakaup er sá mælikvarði sem gjarnan er notaður til að meta launamun kynja (gender pay gap) t.d. í alþjóðlegum samanburði.

*Konur með 77% af meðaltímakaupi karla á almennum vinnumarkaði*

Árið 2003 var meðaltímakaup karla á almennum vinnumarkaði 1.335 krónur og kvenna 1.034 eða 77% af tímakaupi karla. Meðaltímakaup kvenna var hæst hjá sérfræðingum 1.974 krónur og því næst hjá stjórnendum 1.763 krónur en lægst var það hjá verkafólki 791 króna. Meðaltímakaup karla var hæst hjá stjórnendum, 2.564 krónur og því næst hjá sérfræðingum 2.340 krónur en lægst hjá verkafólki, 987 krónur.

**Tafla 48. Meðaltímakaup eftir starfsstéttum 2003**
*Table 48. Average hourly wages by occupation 2003*

| | Kr. á klst. *ISK per hour* | | Meðaltímakaup kvenna sem hlutfall af tímakaupi karla *Women's average hourly wages as percent of men's hourly wages* |
|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | |
| **Alls** ***Total*** | **1.034** | **1.335** | **77** |
| Stjórnendur *Managers* | 1.763 | 2.564 | 69 |
| Sérfræðingar *Professionals* | 1.974 | 2.340 | 84 |
| Tæknar og sérmenntað starfsfólk *Technicians and associate professionals* | 1.367 | 2.060 | 66 |
| Skrifstofufólk *Clerks* | 1.102 | 1.352 | 82 |
| Þjónustu- sölu- og afgreiðslufólk *Service and sales workers* | 892 | 1.181 | 76 |
| Iðnaðarmenn *Craft and trade workers* | 1.187 | 1.368 | 87 |
| Verkafólk *Unskilled machine and spec. workers* | 791 | 987 | 80 |

**Skýringar** *Notes:* Meðaltímakaup er öll laun deilt með öllum tímum. Meðaltímakaup sýnir hvað er greitt að meðaltali fyrir hverja unna vinnustund. Ekki er tekið tillit til uppmælinga, óreglulegra bónusa eða ýmissa eingreiðslna við útreikninga. *Average hourly wages are gross average hourly wages excluding only piecework, irregular bonuses and various other irregular payments.*

**Heimild** *Source:* Kjararannsóknarnefnd. *Institute of Labour Market Research.*

*Stjórnendur: Konur með 69% af meðaltímakaupi karla*

Samanburður á meðaltímakaupi kvenna og karla sýnir verulegan launamun í öllum starfsstéttum sem hér um ræðir. Meðaltímakaup kvenna sem hlutfall af tímakaupi karla var lægst hjá tækni- og sérmenntuðu starfsfólki 66% og hjá stjórnendum 69% en hæst hjá iðnaðarmönnum 87% og hjá sérfræðingum 84%.

**Mynd 45. Meðaltímakaup kvenna sem hlutfall af tímakaupi karla 2003**
*Figure 45. Women's average hourly wages as percent of men's hourly wages 2003*
Karlar *Men = 100*




*Translation: see table 48.*

**Heimild** *Source:* Kjararannsóknarnefnd. *Institute of Labour Market Research.*

## Laun opinberra starfsmanna

Kjararannsóknanefnd opinberra starfsmanna vinnur efni um laun opinberra starfsmanna m.a. taxtalaun, laun fyrir yfirvinnu, önnur laun og heildarlaun hjá félagsmönnum BSRB og BHM hjá ríkinu og einnig framhaldsskólakennara.

*Taxtalaun kvenna í BSRB 87% af launum karla – heildarlaun 71%*

Árið 2003 voru karlar í BSRB með 175 þúsund krónur að meðaltali í taxtalaun á mánuði en konur með 153 þúsund eða 87% af launum karla. Heildarlaun karla voru 288 þúsund og heildarlaun kvenna 206 þúsund eða 71% af launum karla. Karlar höfðu helmingi hærri laun en konur fyrir yfirvinnu og fyrir önnur laun. Yfirvinna í launum karla nam 27% af heildarlaunum þeirra samanborið við 17% hjá konum og sambærileg hlutföll fyrir önnur laun voru 12% hjá körlum og 9% hjá konum.

**Tafla 49. Laun opinberra starfsmanna 2003**
*Table 49. Earnings of public employees 2003*

| | | Þúsund kr. á mán. *Thous. ISK per month* | | | | Hlutföll, % *Percent distribution* | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Stöðugildi *Number of employed* | Taxtalaun *Salaries* | Yfirvinnulaun *Overtime pay* | Önnur laun *Other pay* | Heildarlaun *Total pay* | Taxtalaun *Salaries* | Yfirvinnulaun *Overtime pay* | Önnur laun *Other pay* | Heildarlaun *Total pay* |
| **BSRB, ríkisstarfsmenn**[1] | | | | | | | | | |
| Konur *Women* | 3.809 | 153 | 35 | 18 | 206 | 74 | 17 | 9 | 100 |
| Karlar *Men* | 2.291 | 175 | 77 | 36 | 288 | 61 | 27 | 12 | 100 |
| **BHM**[2] | | | | | | | | | |
| Konur *Women* | 3.079 | 226 | 59 | 23 | 307 | 73 | 19 | 8 | 100 |
| Karlar *Men* | 1.475 | 252 | 69 | 16 | 337 | 75 | 21 | 5 | 100 |

[1] Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB); ríkisstarfsmenn. *The Federation of State and Municipal Employees; state employees only.*
[2] Bandalag háskólamanna (BHM). *Association of Academics.*

**Heimild** *Source:* Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna (KOS). *Public Sector Labour Market Institute.*

*Taxtalaun kvenna í BHM 90% af launum karla*

Kynjamunur á launum er einnig fyrir hendi hjá BHM en hann er heldur minni hlutfallslega en hjá félagsmönnum BSRB. Árið 2003 voru taxtalaun karla í BHM 252 þúsund krónur og kvenna 226 þúsund eða 90% af launum karla. Heildarlaun karla voru 337 þúsund krónur og kvenna 307 þúsund krónur eða 91% af launum karla. Karlar voru með hærri laun fyrir yfirvinnu en konur en konur hins vegar með hærri önnur laun en karlar. Þannig var yfirvinna 21% af heildarlaunum karla samanborið við 19% hjá konum og önnur laun 8% af heildarlaunum kvenna en 5% af heildalaunum karla.

**Mynd 46. Laun opinberra starfsmanna 2003. Meðallaun á mánuði**
*Figure 46. Average monthly earnings of public employees 2003*




**Heimild** *Source*: Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna (KOS). *Public Sector Labour Market Institute.*

**Mynd 47. Laun kvenna í BSRB[1] í hlutfalli af launum karla 1990–2003**
*Figure 47. Earnings of non-academic state employees[1] 1990–2003 Women´s earnings as percent of men´s earnings*




[1] Ríkisstarfsmenn eingöngu. *Members of The Federation of State and Municipal employees. States employees only.*

**Heimild** *Source*: Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna (KOS). *Public Sector Labour Market Institute.*

Áhugavert er að skoða hvernig þróun launamunar kynja hefur verið hjá félagsmönnum BSRB og BHM síðustu árin. Mynd 47 sýnir taxtalaun og heildarlaun kvenna í BSRB í hlutfalli af launum karla árin 1990–2003. Konur ná hærra hlutfalli af launum karla í taxtalaunum en heildarlaunum öll árin. Hlutföllin stóðu í stað til að byrja með, hækkuðu örlítið um tíma en fóru síðan lækkandi, sem þýðir að hlutur kvenna hefur orðið lakari með árunum.

Þróunin var heldur á annan veg hjá félagsmönnum BHM. Konur náðu hærra hlutfalli af launum karla í taxtalaunum en heildarlaunum allt fram til ársins 2000 er dæmið snérist við. Konur voru með 90% af taxtalaunum karla árið 2003 eða nokkurn veginn það sama og árið 1990 þó svo hafi ekki verið allt tímabilið. Hins vegar hafði hlutfall heildarlauna kvenna af launum karla hækkað úr 84% árið 1990 í 91% árið 2003.

**Mynd 48. Laun kvenna í BHM sem hlutfall af launum karla 1990–2003**
*Figure 48. Earnings of university graduate employees[1] 1990–2003. Women's earnings as a percentage of men´s earnings*




[1] *Members of The Association of Academics.*

**Heimild** *Source*: Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna (KOS). *Public Sector Labour Market Institute.*

Samkvæmt upplýsingum Kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna voru meðaldagvinnulaun karla í stétt framhaldsskólakennara hjá ríkinu 234 þúsund og kvenna 228 þúsund árið 2003 eða 98% af launum karla og hefur það verið sambærilegt allt frá árinu 1990. Heildarlaun karla voru 337 þúsund og kvenna 294 þúsund eða 87% af launum karla. Hefur þetta hlutfall ekki verið hærra frá 1990.

**Mynd 49. Meðallaun framhaldsskólakennara 1990–2003. Laun kvenna sem hlutfall af launum karla**

*Figure 49. Earnings of teachers at upper secondary level 1990–2003. Women´s earnings as percent of men´s earnings*




## Bótaþegar og viðtakendur fjárhagsaðstoðar

*Konur fjölmennari en karlar í öllum bótaflokkum*

Yfirlit um bótaþega almannatrygginga og vegna félagslegrar aðstoðar eftir bótaflokkum sýnir að í öllum flokkum eru konur fjölmennari en karlar og eru ýmsar ástæður fyrir því. Meðalævilengd kvenna er lengri en karla og þær því fjölmennari í hópi aldraðra og þeim bótaflokkum sem heyra til aldraðra, má þar nefna grunnellilífeyri, tekjutryggingu, tekjutryggingarauka, heimilisuppbót o.fl.. Fleiri konur en karlar eru öryrkjar eins og fram hefur komið (Lífsvenjur og heilsa) og staðfestist með tölum um örorkulífeyri, örorkustyrk, tekjutryggingu og endurhæfingarlífeyri. Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 18 ára ef annað foreldri er látið eða er öryrki. Mæðra- og feðralaun renna til einstæðra foreldra en í þeim hópi eru konur fjölmennari en karlar. Konur eru 96% þeirra sem fá greidd mæðra- og feðralaun. Framfærendur fatlaðra og langveikra barna eiga kost á umönnunargreiðslum. Svo er að sjá að það séu frekar konur en karlar meðal forráðamanna sem veiti greiðslunum viðtöku. Meðlög eru ekki bótaflokkur en Tryggingastofnun hefur milligöngu um greiðslu þeirra. Árið 2003 fengu um 11 þúsund manns greidd meðlög, þar af voru konur 96% og karlar 4%.

**Tafla 50. Bótaþegar lífeyristrygginga og vegna félagslegrar aðstoðar 2003**
*Table 50. Recipients of social security benefits by category 2003*

| Bótaflokkar *Benefit category* | Fjöldi *Number* | | Hlutföll, % | |
|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| Grunnellilífeyrir *Basic retirement pension* | 15.163 | 11.481 | 57 | 43 |
| Tekjutrygging ellilífeyrisþega *Income supplement. to retirem. pens.* | 12.846 | 9.587 | 57 | 43 |
| Örorkulífeyrir *Disability pension* | 6.817 | 4.382 | 61 | 39 |
| Tekjutrygging örorkulífeyrisþega *Income supplement to disability pens.* | 6.208 | 4.071 | 60 | 40 |
| Tekjutryggingarauki *Extra income supplement* | 7.059 | 4.572 | 61 | 39 |
| Örorkustyrkur *Disability allowance* | 504 | 188 | 73 | 27 |
| Endurhæfingarlífeyrir *Rehabilitation benefits* | 412 | 213 | 66 | 34 |
| Hemilisuppbót *Household supplement* | 7.805 | 3.432 | 69 | 31 |
| Maka-/umönnunarbætur *Spouse's and carer's benefits* | 90 | 21 | 81 | 19 |
| Dánarbætur *Death benefits* | 151 | 45 | 77 | 23 |
| Barnalífeyrir *Child pension* | 3.912 | 985 | 80 | 20 |
| Barnalífeyrir v/menntunar *Child pension/education* | 201 | 191 | 51 | 49 |
| Mæðralaun - feðralaun *Single parent´s allowances* | 3.360 | 130 | 96 | 4 |
| Umönnunargreiðslur v/fatlaðra og sjúkra barna *Carer´s allowance for carers of sick and disabled children* | 1.798 | 229 | 89 | 11 |
| Meðlög (ekki bótafl.) *Child maintenance (not benefits)* | 10.332 | 464 | 96 | 4 |

**Heimild** *Source:* Tryggingastofnun ríkisins. *State Social Security Institute.*

*19% einstæðra mæðra og 12% einstæðra feðra fengu fjárhagsaðstoð*

Árið 2002 veittu sveitarfélögin tæplega sex þúsund fjölskyldum/heimilum fjárhagsaðstoð. Skipting þeirra eftir fjölskyldugerð gefur til kynna að helmingur viðtakenda voru einstæðar konur einkum konur með börn (34%). Hlutur einstæðra karla án barna var einnig stór eða 36%, sem vekur athygli. Hjón/sambúðarfólk með börn voru 8% og hjón án barna tæp 4%. Sé fjöldi viðtakenda skoðaður miðað við stærð viðkomandi hóps í samfélaginu fengu t.d. 19% einstæðra kvenna með börn fjárhagsaðstoð (1.989) samanborið við 12% einstæðra karla með börn (108).

**Mynd 50. Viðtakendur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga 2002**
*Figure 50. Recipients of municipal income support 2002*



**Tafla 51. Viðtakendur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga eftir fjölskyldugerð 2002**
*Table 51. Recipients of municipal income support by type of household 2002*

| | Viðtakendur *Recipients* | | Hlutfall viðtakenda af fjölda í viðkomandi hópi *Percentage of recipients. of total number in respective group* |
|---|---|---|---|
| | Fjöldi *Number* | Hlutfallsleg skipting, % *Percent distribution* | |
| **Alls** ***Total*** | **5.930** | **100** | **4** |
| Einstæðar konur *Single women* | | | |
| með börn *with children* | 1.989 | 34 | 19 |
| án barna *without children* | 1.028 | 17 | 3 |
| Einstæðir karlar *Single men* | | | |
| með börn *with children* | 108 | 2 | 12 |
| án barna *without children* | 2.119 | 36 | 5 |
| Hjón/sambýlisfólk *Married/cohab.* | | | |
| með börn *with children* | 478 | 8 | 1 |
| án barna *without children* | 208 | 4 | 1 |

## Áhrifastöður

Í kaflanum um áhrifastöður er byrjað á að skoða þátttöku kvenna og karla á Alþingi og í nefndum þess, ráðherra og aðstoðarmenn þeirra svo og skipan sveitarstjórna. Þá er fjallað um stjórnir, nefndir og ráð ríkisins og ýmsar stöður eins og framkvæmdastjóra sveitarfélaga, dómara og sendierindreka. Ennfremur er gerð grein fyrir stjórnum samtaka á vinnumarkaði. Loks er vikið að kynjaskiptingu meðal blaða- og fréttamanna, og í trúnaðarstörfum hjá þjóðkirkjunni.

### Alþingi og ríkisstjórn

Konur fengu kosningarétt til Alþingis árið 1915, þ.e. konur 40 ára og eldri, en fullan rétt á við karla árið 1920 og tók fyrsta konan sæti á þingi árið 1922. Næstu fimm áratugi var fjöldi kvenna á þingi aðeins ein, tvær eða engin. Árið 1971 voru þrjár konur kjörnar (5%) og fjölgaði þeim ekki aftur fyrr en árið 1983 er níu konur voru kjörnar sem svaraði til 15% þingmanna. Hlutfall kvenna meðal þingmanna fór svo hækkandi eins og mynd 51 ber með sér fram til ársins 1999 þegar 22 konur voru kjörnar, 35% þingmanna. Í kosningunum 2003 fækkaði þingkonum í 19 og hlutfall þeirra af þingmönnum fór niður í 30%. Karlar skipa því enn mikinn meirihluta þingsæta. Þingmannatalan í heild tók breytingum gegnum þetta tímabil sem hér hefur verið rakið eða úr 42 árið 1923 í 49 árið 1934, 52 árið 1942, 60 árið 1959 og 63 árið 1987.

Konum fjölgaði hlutfallslega hraðar og meira meðal frambjóðenda en kjörinna fulltrúa á tímabilinu 1963–2003 eða úr 8% frambjóðenda árið 1963 í 50% árið 1995 en það ár voru konur 25% kjörinna fulltrúa. Árið 2003 voru konur 42% frambjóðenda og 30% kjörinna fulltrúa.

**Mynd 51. Þingmenn kjörnir í alþingiskosningum 1916–2003**
*Figure 51. Members elected to the Althingi 1916–2003*




**Tafla 52. Frambjóðendur og kjörnir fulltrúar í alþingiskosningum 1963–2003**
*Table 52. Candidates and elected members in general elections 1963–2003*

| | Fjöldi *Number* | | | | Hlutföll, % *Percentage* | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Frambjóðendur *Candidates* | | Kjörnir fulltrúar *Elected members* | | Frambjóðendur *Candidates* | | Kjörnir fulltrúar *Elected members* | |
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| 1963 | 31 | 371 | 1 | 59 | 8 | 92 | 2 | 98 |
| 1967 | 44 | 406 | 1 | 59 | 10 | 90 | 2 | 98 |
| 1971 | 78 | 447 | 3 | 57 | 15 | 85 | 5 | 95 |
| 1974 | 97 | 459 | 3 | 57 | 17 | 83 | 5 | 95 |
| 1978 | 149 | 449 | 3 | 57 | 25 | 75 | 5 | 95 |
| 1979 | 119 | 355 | 3 | 57 | 27 | 73 | 5 | 95 |
| 1983 | 195 | 361 | 9 | 51 | 35 | 65 | 15 | 85 |
| 1987 | 437 | 521 | 13 | 50 | 46 | 54 | 21 | 79 |
| 1991 | 469 | 560 | 15 | 48 | 46 | 54 | 24 | 76 |
| 1995 | 425 | 418 | 16 | 47 | 50 | 50 | 25 | 75 |
| 1999 | 312 | 464 | 22 | 41 | 40 | 60 | 35 | 65 |
| 2003 | 329 | 447 | 19 | 44 | 42 | 58 | 30 | 70 |

*Kosningaþátttaka kynja hefur verið jöfn síðan 1987*

Kosningaþátttaka kvenna og karla í Alþingiskosningum hefur verið nokkuð jöfn frá árinu 1987 en fram að þeim tíma var kosningaþátttaka karla ávallt meiri en kvenna. Framan af öldinni sem leið fór kosningaþátttakan smám saman vaxandi hjá báðum kynjum en að vonum voru breytingarnar meiri meðal kvenna en karla. Í fyrstu kosningum árið 1923 eftir að konur fengu jafnan kosningarétt á við karla kusu 68% kosningabærra kvenna og 84% karla. Eftir miðja öldina þegar kosningaþátttakan var hvað mest hélst hún stöðug um skeið en fór síðan heldur minnkandi fram til 1999 er hún var 84% hjá báðum kynjum. Í kosningunum árið 2003 var þátttaka kvenna heldur meiri en karla eða 88% en karla 87% (bráðabirgðatölur).

**Mynd 52. Kosningaþátttaka í Alþingiskosningum 1916–2003**
*Figure 52. Participation in elections to Althingi 1916–2003*




*Frambjóðendur og kjörnir fulltrúar stjórnmálaflokka*

Í Alþingiskosningunum árið 2003 buðu sjö stjórnmálaflokkar og stjórnmálaöfl fram lista með frambjóðendum og fengu fimm þeirra kjörna fulltrúa á þing. Karlar voru í meirihluta frambjóðenda hjá öllum þessum aðilum og einnig meðal kjörinna fulltrúa þeirra. Hlutur kvenna meðal frambjóðenda var hæstur hjá Samfylkingunni 48% og einnig meðal kjörinna þingmanna eða 45%. Voru tölur ekki ósvipaðar hjá Vinstri hreyfingunni - grænt framboð en lægri hjá öðrum flokkum.

**Tafla 53. Frambjóðendur og úrslit í Alþingiskosningum 2003**
*Table 53. Candidates and elected members in general elections to the Althingi 2003*

| | Fjöldi *Number* | | Hlutföll, % | |
|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| **Frambjóðendur** ***Candidates*** | | | | |
| **Stjórnmálaflokkar** ***Political organizations*** | **329** | **385** | **46** | **54** |
| Framsóknarflokkur *Progressive party* | 56 | 70 | 44 | 56 |
| Frjálslyndi flokkurinn *The Liberal Party* | 37 | 89 | 29 | 71 |
| Samfylkingin *The Alliance* | 60 | 66 | 48 | 52 |
| Sjálfstæðisflokkur *The Independence Party* | 59 | 67 | 47 | 53 |
| Vinstri hreyfingin – grænt framboð *The Left–Green Movement* | 57 | 69 | 45 | 55 |
| Framboð óháðra í Suðurkjördæmi *The Independent in Constituency South* | 8 | 12 | 40 | 60 |
| Nýtt afl | 52 | 12 | 81 | 19 |
| **Kjörnir fulltrúar** ***Members elected*** | | | | |
| **Stjórnmálaflokkar** ***Political organizations*** | **19** | **44** | **30** | **70** |
| Framsóknarflokkur *Progressive party* | 4 | 8 | 33 | 67 |
| Frjálslyndi flokkurinn *The Liberal Party* | – | 4 | – | 100 |
| Samfylkingin *The Alliance* | 9 | 11 | 45 | 55 |
| Sjálfstæðisflokkur *The Independence Party* | 4 | 18 | 18 | 82 |
| Vinstri hreyfingin – grænt framboð *The Left–Green Movement* | 2 | 3 | 40 | 60 |
| Framboð óháðra í Suðurkjördæmi *The Independent in Constituency South* | – | – | – | – |
| Nýtt afl | – | – | – | – |

*Sjávarútvegsnefnd Alþingis konulaus*

Tólf fastanefndir starfa á Alþingi. Á löggjafarþinginu 2003–2004 voru þessar nefndir skipaðar 110 mönnum, 37 konum (34%) og 73 körlum (66%). Endurspeglar það nokkurn veginn kynjaskiptingu þingmanna. Karlar voru í meirihluta í öllum nefndum nema heilbrigðis- og trygginganefnd þar sem konur voru 78% nefndarmanna og umhverfisnefnd þar sem hlutfall þeirra var 56%. Sjávarútvegsnefnd var skipuð körlum eingöngu. Konur voru formenn í fjórum nefndum og karlar í átta nefndum.

Á umræddu þingi var forseti Alþingis karl og sömuleiðis fyrsti varaforseti. Þrjár konur og tveir karlar gegndu hlutverki annarra varaforseta.

**Tafla 54. Fastanefndir Alþingis 2003–2004**
*Table 54. Standing committees of the parliament 2003–2004*

| | Aðalmenn *Members* | | | Formenn *Chairpersons* | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi alls | Hlutföll,% | | | |
| | *Total number* | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| **Alls *Total*** | **110** | **34** | **66** | **4** | **8** |
| Allsherjarnefnd *General* | 9 | 44 | 56 | – | 1 |
| Efnahags- og viðskiptanefnd *Economic and trade* | 9 | 22 | 78 | – | 1 |
| Félagsmálanefnd *Social affairs* | 9 | 22 | 78 | – | 1 |
| Fjárlaganefnd *Budget* | 11 | 27 | 73 | – | 1 |
| Heilbrigðis- og trygginganefnd *Health and soc. sec.* | 9 | 78 | 22 | 1 | – |
| Iðnaðarnefnd *Industry* | 9 | 11 | 89 | – | 1 |
| Landbúnaðarnefnd *Agriculture* | 9 | 44 | 56 | 1 | – |
| Menntamálanefnd *Education* | 9 | 33 | 67 | – | 1 |
| Samgöngunefnd *Transport and communication* | 9 | 22 | 78 | – | 1 |
| Sjávarútvegsnefnd *Fisheries* | 9 | – | 100 | – | 1 |
| Umhverfisnefnd *Environment* | 9 | 56 | 44 | 1 | – |
| Utanríkismálanefnd *Foreign affairs* | 9 | 44 | 56 | 1 | – |

**Heimild** *Source:* Alþingi. *Althingi.*

*Konur 39% nefndarmanna í alþjóðanefndum Alþingis*

Auk fastanefnda starfa níu alþjóðanefndir á vegum Alþingis. Á þinginu 2003–2004 voru alls 36 þingmenn í þessum nefndum, 14 konur (39%) og 22 karlar (61%). Karlar voru í meirihluta í sex nefndum og í tveimur þeirra, Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins og Nato-þingsins, sátu eingöngu karlar. Konur voru í meirihluta í þremur nefndum, Íslandsdeild Norðurlandaráðs, Þingmannaráðstefnu um Norðurskautsmál og þingi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu. Formennska í nefndunum níu var í höndum þriggja kvenna og sex karla.

*Alls hafa níu konur verið ráðherrar*

Það var ekki fyrr en árið 1970 að kona tók fyrst sæti í ríkisstjórn hér á landi. Frá þeim tíma og til ársins 1999 var ýmist ein eða engin kona í ríkisstjórn. Eftir kosningarnar 1999 var ríkisstjórnin skipuð þremur konum og níu körlum og fjórum konum og átta körlum við lok ársins þegar ráðherraskipti fóru fram. Í ríkisstjórn sem skipuð var að loknum kosningum sumarið 2003 sátu þrjár konur og níu karlar og er staðan óbreytt í september 2004. Alls hafa níu konur gegnt starfi ráðherra hér á landi.

**Tafla 55. Ráðherrar 1970–2004**
*Table 55. Government ministers 1970–2004*

| Tölur í desember *Figures in December* | Fjöldi *Number* Konur *Women* | Fjöldi *Number* Karlar *Men* | Hlutföll, % Konur *Women* | Hlutföll, % Karlar *Men* |
|---|---|---|---|---|
| 1970 | 1 | 6 | 14 | 86 |
| 1975 | – | 8 | – | 100 |
| 1980 | – | 10 | – | 100 |
| 1985 | 1 | 10 | 9 | 91 |
| 1990 | 1 | 10 | 9 | 91 |
| 1995 | 1 | 9 | 10 | 90 |
| 2000 | 4 | 8 | 33 | 67 |
| 2004 (Sept. ) | 3 | 9 | 25 | 75 |

**Heimild** *Source*: Stjórnarráð Íslands (vefur). *Government Offices of Iceland (web).*

Aðstoðarmenn ráðherra komu fyrst til sögunnar árið 1971. Frá þeim tíma til júlí 2004 höfðu alls 112 manns gegnt slíku starfi, 21 kona (19%) og 91 karl (81%). Í tíð ríkisstjórnarinnar sem kom til valda í maí 2003 og fram til 1. júlí 2004 voru 3 konur og 12 karlar aðstoðarmenn ráðherra.

**Tafla 56. Aðstoðarmenn ráðherra 1971–2004**
*Table 56. Advisers to ministers 1971–2004*

| Ár nýrrar ríkisstjórnar *The year of a new government* | Fjöldi *Number* Konur *Women* | Fjöldi *Number* Karlar *Men* | Hlutföll, % Konur *Women* | Hlutföll, % Karlar *Men* |
|---|---|---|---|---|
| **Alls *Total*** | **21** | **91** | **19** | **81** |
| 1971 | 2 | 1 | 67 | 33 |
| 1974 | – | 3 | – | 100 |
| 1978 | – | 3 | – | 100 |
| 1979 | – | 2 | – | 100 |
| 1980 | – | 5 | – | 100 |
| 1983 | 3 | 8 | 27 | 73 |
| 1987 | 2 | 9 | 18 | 82 |
| 1988 | 4 | 10 | 29 | 71 |
| 1991 | 3 | 17 | 15 | 85 |
| 1995 | 1 | 10 | 9 | 91 |
| 1999 | 3 | 11 | 21 | 79 |
| 2003 | 3 | 12 | 20 | 80 |

**Skýringar** *Notes:* Miðað er við heildarfjölda aðstoðarmanna á öllu starfstímabili viðkomandi ríkisstjórnar. Tölur ársins 2003 ná til 1. júlí 2004. *Figures refer to the total number of advisers during the reign of respective government. Figures for the year 2003 cover the period of present government to 1 July 2004.*

**Heimild** *Source:* Stjórnarráð Íslands 1964-2004, I. Ritstjórn: Ásmundur Helgason og Ómar H. Kristmundsson og Hagstofa Íslands.

## Sveitarstjórnir

*Tæpur þriðjungur sveitarstjórnarmanna eru konur*

Konur öðluðust kosningarétt til sveitarstjórna á landinu öllu árið 1909 en fyrstu áratugina fór lítið fyrir beinni þátttöku þeirra á þeim vettvangi. Árið 1950 voru sjö konur kosnar til setu í sveitarstjórnum og rúmlega 1.100 karlar og voru konur því innan við 1%. Þrjátíu árum síðar var hlutfall kvenna í sveitarstjórnum orðið 12%, 22% árið 1990, og hæst í síðustu kosningum árið 2002 eða 31%. Það ár voru 205

konur og 452 karlar kosnir til setu í sveitarstjórnum. Með sameiningu sveitarfélaga á undanförnum árum hefur sveitarfélögum fækkað verulega en þau voru 104 vorið 2004. Sveitarstjórnarmönnum hefur að sama skapi fækkað.

**Mynd 53. Kjörnir sveitarstjórnarmenn 1950–2002**
*Figure 53. Elected representatives on local government councils 1950–2002*




**Tafla 57. Kjörnir sveitarstjórnarmenn 1950–2002**
*Table 57. Elected representatives on local government councils 1950–2002*

| Ár *Year* | Fjöldi *Number* Konur *Women* | Karlar *Men* | Alls [1] *Total* [1] | Hlutföll, % *Percentage* Konur *Women* | Karlar *Men* |
|---|---|---|---|---|---|
| 1950 | 7 | 1.136 | 1.143 | 1 | 99 |
| 1954 | 5 | 1.139 | 1.144 | 0 | 100 |
| 1958 | 10 | 1.136 | 1.146 | 1 | 99 |
| 1962 | 11 | 1.140 | 1.151 | 1 | 99 |
| 1966 | 18 | 1.141 | 1.159 | 2 | 98 |
| 1970 | 28 | 1.125 | 1.153 | 2 | 98 |
| 1974 | 42 | 1.095 | 1.162 | 4 | 94 |
| 1978 | 71 | 1.076 | 1.172 | 6 | 92 |
| 1982 | 148 | 1.044 | 1.192 | 12 | 88 |
| 1986 | 226 | 954 | 1.180 | 19 | 81 |
| 1990 | 243 | 873 | 1.116 | 22 | 78 |
| 1994 | 242 | 739 | 981 | 25 | 75 |
| 1998 | 213 | 543 | 756 | 28 | 72 |
| 2002 | 205 | 452 | 657 | 31 | 69 |

[1] Meðtaldir nokkrir þar sem upplýsingar vantar um kyn. *Included are some data where gender is not known.*

*Mun fleiri karlar en konur eru í framkvæmdastjórar sveitarfélaga*

Framkvæmdastjórar sveitarfélaga eru bæjarstjórar, sveitarstjórar og oddvitar. Árið 2004 gegndu 19 konur (18%) og 85 karlar (82%) þessum störfum. Voru konur 16% bæjarstjóra, 23% sveitarstjóra og 16% oddvita. Á landinu starfa átta landshlutasamtök sveitarfélaga sem hvert um sig hefur framkvæmdarstjóra. Vorið 2004 voru karlar framkvæmdastjórar í sjö þeirra og kona í einu þ.e. í Sambandi Sveitarfélaga á Vesturlandi.

**Tafla 58. Framkvæmdastjórar sveitarfélaga 2004**
*Table 58. Municipal managers (mayors) 2004*

| | Fjöldi *Number* | | Hlutföll, % *Percentage* | |
|---|---|---|---|---|
| | Konur *Women* | Karlar *Men* | Konur *Women* | Karlar *Men* |
| **Alls** ***Total*** | **19** | **85** | **18** | **82** |
| Bæjarstjóri *Mayor* | 5 | 27 | 16 | 84 |
